



Ársskýrsla Menntasviðs Reykjavíkurborgar 2008



Efnisyfirlit

Ávarp formanns menntaráðs	1
Frá fræðslustjóra	2
Stiklað á stóru 2008	4
1. Menntaráð Reykjavíkurborgar	6
Fulltrúar	6
Stefnumörkun	7
Eftirlit	8
2. Menntasvið – helstu verkefni 2008	11
Starfsáætlun 2009	11
Skrifstofa fræðslustjóra	11
Námsflokkar Reykjavíkur	12
Grunnskólaskrifstofa	12
Fjármála- og rekstrarþjónusta	15
Mannauðsþjónusta	15
Upplýsingatækniþjónusta	15
Námsferðir og erlend samskipti	16
3. Skólastarf í tölum	17
Nemendafjöldi	17
Nemendur af erlendum uppruna	18
Þróun og spá um nemendafjölda	19
Starfsmenn og starfsþróun	19
4. Starfsemi grunnskóla	22
Stefnumið og framkvæmd	22
Nám við hæfi hvers og eins - markviss samvinna	22
Skóli án aðgreiningar – jöfn tækifæri til náms	23
Jákvæð sjálfmynd – góð líðan	24
Náin tengsl skóla, foreldra og samfélags	24
Sjálfstæði skóla – gæði og fagmennska	27
Kannanir og rannsóknir	27
Samráð	27
5. Tónlistarnám og fullorðinsfræðsla	28
Skólahljómsveitir	28
Tónlistarskólar	29
Námsflokkar Reykjavíkur	29
6. Verðlaun og styrkir	30
Barnabókaverðlaun	30
Nemendaverðlaun og hvatningarverðlaun	31
Kvikmyndahátíð grunnskólanna - Taka 2008	31
Íslenskuverðlaun	33
Styrkir	34
7. Ársreikningur 2008	35
8. Útgáfur árið 2008	39
9. Yfirlit yfir gunnskóla borgarinnar	40

Ársskýrsla Menntasviðs Reykjavíkurborgar 2008

Gefin út 2009.

Ábyrgð: Ragnar Þorsteinsson fræðslustjóri.

Töflur og myndir: Hallgerður Inga Gestsdóttir.

Umsjón: Guðrún Hjartardóttir.

Hönnun og umbrot: Ágústa Ragnarsdóttir (argh ehf).

Ljósmyndir: Axel Sigurðarson tók forsiðumynd og allar stærri

myndir. Aðrar myndir, ýmsir.

Prentun: Oddi

ISSN 1670-6951

Helstu heimildir

Stefna og starfsáætlun Menntasviðs Reykjavíkurborgar.

Fundargerðir menntaráðs.

Niðurstöður ýmissa kannanna.

Fyrri ársskýrslur.

Fréttatilkynningar.

Heimasíða menntasviðs, www.menntasvid.is.

Ávarp formanns menntaráðs



Þegar ég tók við starfi formanns menntaráðs Reykjavíkur í ágúst 2008, vissi ég að vandi fylgdi þeirri vegsæmd. Langvarandi góðæri hafði verið nýtt til að auka fjárframlög til skólastarfs og efla það með ýmsum hætti. Nú var góðærinu lokið og samdráttarskeið runnið upp í efnahagslífinu. Blikur voru á lofti en enginn sá þó fyrir atburði vetrarins og þá erfiðleika sem takast þurfti á við í kjölfar bankahrunsins.

Þegar í október 2008 samþykkti borgarstjórn einróma sérstaka aðgerðaáætlun vegna efnahagserfiðleika þeirra, sem þá voru að koma fram í efnahagslífi þjóðarinnar. Allir flokkar í borgarstjórn unnu saman að áætluninni og var ánægjulegt að þverpólitísk samstaða skyldi nást um sameiginlega heildarsýn í rekstri borgarinnar við erfiðar aðstæður. Borgarfulltrúar voru sammála um að bregðast yrði við hinum mikla samdrætti í tekjum borgarinnar, sem fyrirsjáanlegur væri á árinu 2009, af ábyrgð og festu. Það yrði gert með víðtækum sparnaði í borgarrekstrinum en án þess að segja upp fastráðnum starfsmönnum. Jafnframt var samþykkt að tryggja nauðsynlega grunnþjónustu borgarinnar og hækka ekki gjaldskrár fyrir þjónustu á árinu 2009 þrátt fyrir mikla hækkun kostnaðar. Með þessi leiðarljós var farið í langa og stranga fjárhagsáætlunarvinnu og í henni heyrðust vissulega efasemdarraddir um að unnt væri að framfylgja svo mörgum háleituðum markmiðum í kreppu. Það hefur hins vegar tekist í aðalatriðum og þakka ég það samstilltu átaki starfsmanna Reykjavíkurborgar, ekki síst starfsmönnum grunnskóla og leikskóla. Flestir átta sig á því að skólarnir eru ekkert eyland þegar kemur að óhjákvæmilegum sparnaði en til rekstrar þeirra fer ríflega helmingur af hverri útsvarskrónu. Ég vil við þetta tækifæri þakka öllum starfsmönnum Menntasviðs fyrir gott samstarf í þessari hagræðingarvinnu, sem hefur nú þegar skilað borginni umtalsverðum árangri.

Ég er einnig þakklátur fyrir góðar móttökur í heimsóknnum mínum í alla grunnskóla borgarinnar veturinn 2008-2009. Þar kynnti ég mér starf þeirra og átti fjölmörg samtöl við nemendur, foreldra, kennara, skólastjórnendur og aðra starfsmenn. Þessar heimsóknir voru afar lærðómsríkar og hreifst ég af hinu

metnaðarfulla skólastarfi sem fram fer í borginni.

Flestar heimsóknirnar fór ég í um haustið eða á þeim tíma þegar ótti og óvissa ríktu í þjóðfélaginu vegna bankahrunsins. Ég minnst m.a. samtala við óttaslegna foreldra, sem þurfti að hughreysta, og barna, sem ræddu atvinnumissi foreldra sinna í einlægni.

Ég minnst jafnframt fumlausra og skynsamlegra viðbragða skólastjóra, kennara og annarra starfsmanna við þessar aðstæður. Hvarvetna sem ég kom var greinilegt að skólafólk var ákveðið í að hvað sem dyndi á í þjóðfélaginu og á heimilum, skyldi skólinn áfram vera nemendum skjól og traust bjarg í tilveru þeirra. Er óhætt að segja að eftirlit með velferð barna hafi verið aukið verulega í ljósi stöðunnar í atvinnu- og efnahagsmálum.

Á árinu 2008 var sem fyrr unnið að fjölmörgum verkefnum á vettvangi grunnskóla Reykjavíkur, sem miða að því að efla og bæta skólastarf. Mörg verkefnanna fela í sér nýbreytni og auka á sveigjanleika í skólastarfi. Nefna má átak í lestrarkennslu, aukið samstarf á milli skólastiga, þróun heildarmats á skólastarfi sem og sjálfsmats fyrir einstaka skóla, frekari samþættingu skóla og frístundastarfs og bættu tilhöggun og fyrirkomulag kennslu nemenda með félagslega og tilfinningalega röskun.

Þessi verkefni sýna hina miklu grósku, sem á sér stað í skólunum, þrátt fyrir tímabundna efnahagserfiðleika. Ég er sannfærður um að framundan er góður og árangursríkur vetur í reykvísku skólastarfi þar sem takast mun að koma öllum nemendum, sem og okkur hinum, til nokkurs þroska.

Kjartan Magnússon
Kjartan Magnússon
formaður menntaráðs

Frá fræðslustjóra



Ragnar Þorsteinsson
fræðslustjóri.

Árið 2008 einkenndist af miklum breytingum í borgarstjórn og í fagráðum borgarinnar. Í byrjun árs starfaði menntaráð undir forystu Oddnýjar Sturludóttur. Í kjölfar meirihlutaskipta hjá Reykjavíkurborg 24. janúar tók nýtt menntaráð til starfa undir forystu Júlíusar Vífils Ingvarssonar og í kjölfar meirihlutaskipta 21. ágúst tók til starfa nýtt menntaráð undir forystu Kjartans Magnússonar. Hópar á vegum menntaráðs voru að störfum um margvísleg málefni.

Í upphafi árs var samþykkt tillaga um framtíðarsýn um skólalald í Úlfarsárdal. Í framtíðarsýninni eru grunnskólar í Úlfarsárdal hvattir til að móta sér sérstöðu innan áherslupáttanna, listir og lýðheilsa, náttúra og umhverfi og læsi og bókmenntir. Lögð er áhersla á að grunnskólarnir fjórir í dalnum starfi náið saman og að leitað verði leiða til að samþætta tómstunda- og íþróttastarf nemenda og tengja það skólastarfi og frístund. Einnig verði leitað leiða til að samræma starfskrafta í skólastarfi og frístund.

Á árinu var mikil áhersla lögð á málnotkun og lestrarfærni. Um mitt ár var komið á fót starfshópi sem ætlað er það hlutverk að móta tillögu að lestrarstefnu fyrir grunnskóla. Jafnframt var þeim tilmælum beint til skólastjóra að skólarnir setji sér markmið og geri aðgerðaáætlun til þriggja ára um málnotkun, málörvun, lestrarfærni og lestraráhuga og skilgreini viðmið um árangur.

Nýr sjálfstætt starfandi grunnskóli, Barnaskóli Hjallastefnunnar, tók til starfa 1. október. Á fyrsta starfsári skólans var lögð áhersla á nám fimm og sex ára barna.

Markmiðið með símenntun skólastjóra og aðstoðarskólastjóra á árinu 2008 var að styrkja forystuhlutverk þeirra og efla samstarf. Haldnir voru nokkrir námskeiðsdagar um málefnið þar sem Dr. Dave Anderson frá Essex í Englandi var leiðbeinandi. Stjórnendur skólahljómsveita tóku einnig þátt í námskeiðinu.

Á árinu var líflegt starf hjá skólahljómsveitum borgarinnar og ýmsar nýngar litu dagsins ljós. Nefna má samstarf við Vinnuskólann um skráningu á nótnasafni, sameiginlegar slagverksvinnubúðir og stórsveitar-tónleika. Gerður var samningur við Mentor um nemendaskráninga- og samskiptakerfi fyrir skólahljómsveitir og unnið var að gerð sameiginlegrar heimasíðu fyrir hljómsveitirnar.

Blómlegt starf var hjá Námsflokkum Reykjavíkur á árinu 2008. Boðið var upp á sérhæfðar námsleiðir fyrir fólk með litla formlega menntun í samstarfi við Velferðarsvið borgarinnar. Einnig var í boði náms- og starfsráðgjöf auk grunnnáms í íslensku, ensku og stærðfræði.

Á árinu fór af stað nýtt átaksverkefni, *StarfsKraftur*, sem er blandað náms- og starfsverkefni ætlað ungu fólki.

Haustmánuðir einkenndust mjög af þeim miklu efnahags- og atvinnu-

þrengingum sem gengu yfir þjóðfélagið í kjölfar hruns bankakerfisins. Mikil vinna var með skólastjórum við undirbúning fjárhagsáætlunar, við að innleiða aðhaldsaðgerðir í rekstri og finna leiðir til hagræðingar.

Í október stofnaði borgarstjóri vinnuhóp undir forystu fræðslustjóra sem fékk nafnið *Börnin í borginni*. Hlutverk og markmið hópsins var að fylgjast með líðan barna í leikskólum, grunnskólum og frístundastarfi á

vegum Reykjavíkurborgar. Einnig skyldi hópurinn stuðla að samvinnu þeirra aðila sem koma að málefnum barna og unglinga og leita leiða til að sporna gegn þeim þáttum sem ýtt gætu undir vanlíðan barna.

Þrátt fyrir mikla erfiðleika í efnahags- og atvinnumálum borgarbúa síðari hluta árs, gekk grunnskólastarfið á árinu 2008 vel og má þakka það fagmennsku starfsfólks skóla sem ávallt leggur sig fram um að nemendum líði vel og þeir öðlist uppeldi og menntun fyrir líf og starf.



Stiklað á stóru 2008

Janúar

Fjölsóttur fundur um samfellu í skólastarfi

Foreldrar grunnskólabarna fjölmenntu á hádegisfund með formönnum menntaráðs og íþrótta- og tómstundaráðs þar sem rætt var um leiðir til að skapa samfellu í skóladeginum. Margar fyrirspurnir komu fram, s.s. um hvernig mætti fullmanna frístundaheimilin og bæta húsakost þeirra, svo og um samþættingu listnáms og frístunda. Fundurinn var haldinn í samstarfi við SAMFOK og fulltrúar foreldraráða í borginni sérstaklega boðaðir. Margir foreldrar notuðu tækifærið og þökkðu fyrir fundinn. Þeir sögðu til fyrirmyndar að borgaryfirvöld leituðu eftir samráði í þessum málaflokki.



Febrúar

Vel heppnuð Öskudagsráðstefna

Halakörtur og hagnýt ráð, var yfirskrift ráðstefnu sem 610 grunnskólakennarar í Reykjavík og aðrir gestir sátu að þessu sinni á öskudegi og hlýddu á Dr. Lauri Riffel og John Morris skólastjóra frá Essex sem héldu þar fyrirlestra og málstofur. Ráðstefnan var vel sótt sem endranær, en þetta er sjötta árið í röð sem fræðslufyrirvöld í Reykjavík, Skólastjórafélag Reykjavíkur og Kennarafélag Reykjavíkur standa fyrir fagráðstefnu á starfsdegi kennara í borginni.



Mars

Samráðsfundur með foreldrum

Nám við hæfi hvers og eins - fjölbreyttir kennsluhættir var yfirskrift samráðsfundar foreldra og borgaryfirvalda um menntamál sem haldinn var í hádeginu fimmtudaginn 27. mars í salnum að Fríkirkjuvegi 1. Fjallað var um einstaklingsmiðað nám og teymisvinnu kennara. Júlíus Vífill Ingvarsson formaður menntaráðs Reykjavíkur flutti stutt ávarp og Ágúst Ólason deildarstjóri sagði frá fyrirkomulagi kennslu í Norðlingaskóla sem vakið hefur óskipta athygli.



Apríl

42 milljónir kr. til þróunarstarfs í skólum borgarinnar

Júlíus Vífill Ingvarsson formaður menntaráðs afhenti föstudaginn 11. apríl 70 styrki til þróunarstarfs í grunnskólum og tónlistarskólum borgarinnar. Athöfnin fór fram í Ásmundarsafni við Sigtún og voru styrkir veittir til 19 grunnskóla og 11 tónlistarskóla. Hæsti þróunarstyrkurinn kom í hlut Myndlistarskólans í Reykjavík, eða 1,5 milljón króna, til að setja á laggir listbúðir fyrir grunnskólanema. Þá fengu Norðlingaskóli og Ingunnarskóli 1.350 milljónir króna til þriggja ára móðurskólaverkefnis sem miðar að því að þróa einstaklingsmiðað námsmat.

Maí

Kvikmyndagerðarmenn framtíðarinnar á Töku 2008

Verðlaun voru veitt í tveimur aldursflokkum og þremur efnisflokkum á kvikmynda-hátíð grunnskólanna sem haldin var í Kringlubíói. Einnig voru veitt verðlaun fyrir góðan leik, tæknivinnslu og klippingu. Mikið barst af hreyfimyndum í keppnina, ekki síst í yngri flokki eða alls 18 myndir. Kvikmyndahátíðin *Taka* hefur verið haldin árlega frá 1981 og verið vettvangur skapandi kvikmyndagerðar og myndtjáningar. Margir fremstu kvikmyndagerðarmenn þjóðarinnar hafa þar þreytt frumraun sína þarna. *Myndver grunnskólanna* í Hvassaleitisskóla er miðstöð skapandi kvikmyndagerðar meðal yngstu borgarbúanna. Þar fer fram kennsla í handritsgerð, myndatökum og myndvinnslu. Umsjónarmaður myndversins er Marteinn Sigurgeirsson.



Ágúst

Fjölmenni heimsótti Miðbæjarskólann á Menningarnótt

Margir lögðu leið sína á opið hús í Miðbæjarskólanum á Menningarnótt, sem haldið var í tilefni hundrað ára afmælis lögbundinnar barnafræðslu á Íslandi. Hægt var að skoða gamla skólastofu og leikskólastofu, fylgjast með skemmtiatriðum á sviði, horfa á gamla kvikmynd um Miðbæjarskólann, læra pappírsbrot, kríta á töflur, fara í útileiki og fá sér súkkulaðiköku svo fátt eitt sé nefnt. Gestir voru á öllum aldri, allt frá mjög ungum börnum sem undu sér vel í leikskólastofunni og söguhorninu upp í eldri borgara sem rifjuðu upp minningar um eigin skólagöngu í Miðbæjarskólann snemma á síðustu öld.



September

Samstarfssamningur um þroska, mál og læsi

Menntasvið og Rannsóknarstofa um þroska, mál og læsi við Menntavísindasviðs Háskóla Íslands gerðu með sér samstarfssamning sem undirritaður var 23. september. Markmið samningsins er að styrkja og efla þroska, mál og læsi grunnskólanema í Reykjavík með rannsóknum, fræðslu og ráðgjöf.



Október

Fundaröð fyrir foreldra grunnskólabarna í borginni

Fjölmargir foreldrar barna í grunnskólum Reykjavíkur sóttu opna kynningarfundir í fundaröðinni *Uppeldi og menntun fyrir líf og starf*, þar sem farið var yfir stefnu Reykjavíkurborgar í menntamálum og skólabjónusta í hverju hverfi var kynnt. Fundirnir voru samtals sex. Þeir voru í öllum borgarhlutum og haldnir í samstarfi við þjónustumiðstöðvar borgarinnar.



Nóvember

Íslenskuverðlaun menntaráðs Reykjavíkur veitt í annað sinn

Íslenskuverðlaun menntaráðs Reykjavíkur voru afhent, annað árið í röð, á degi íslenskrar tungu hinn 16. nóvember. Rúmlega eitt hundrað nemendur í grunnskólum Reykjavíkur fengu verðlaun að þessu sinni, rúmlega 50 einstaklingar og 8 hópar. Mikil hátíðarstemning og húsfullir var í Ráðhúsi Reykjavíkur við afhendingu verðlaunanna, en þangað mættu nemendur ásamt foreldrum sínum, kennurum og skólastjórnendum. Frú Vigdís Finnbogadóttir, fyrrverandi forseti, sem er verndari verðlaunanna, flutti ávarp þar sem hún nefndi meðal annars mikilvægi þess að við stöndum vörð um íslenska tungu.



1

Menntaráð Reykjavíkurborgar

Menntaráð Reykjavíkur fer með yfirstjórn fræðslumála í Reykjavík í umboði borgarstjórnar. Menntasvið Reykjavíkurborgar annast stjórnsýslu menntaráðs.

Frá 24. janúar 2008 til 21. ágúst 2008 voru eftirtaldir fulltrúar í menntaráði:

Aðalmenn:

Júlíus Vífill Ingvarsson formaður.

Bolli Thoroddsen/Guðrún Pálína Ólafsdóttir frá 1. apríl.

Marta Guðjónsdóttir, Egill Örn Jóhannesson/Ásta Þorleifsdóttir frá 5. febrúar.

Oddný Sturludóttir, Helga Björg Ragnarsdóttir og Margrét Sverrisdóttir.

Varamenn:

Áslaug Friðriksdóttir, Katrín Helga Hallgrímsdóttir, Ingunn B. Vilhjálmsdóttir, Kolbeinn Guðjónsson, Bryndís Ísfold Hlöðversdóttir, Friðrik Dagur Arnarsson og Felix Bergsson.

Áheyrnarfulltrúi Framsóknar:

Lilja Dögg Alfreðsdóttir.

Varamaður:

Anna Margrét Ólafsdóttir.

Frá 21. ágúst 2008 voru eftirtaldir fulltrúar í menntaráði:

Aðalmenn:

Kjartan Magnússon formaður, Lilja Dögg Alfreðsdóttir, Marta Guðjónsdóttir, Anna Margrét Ólafsdóttir og Oddný Sturludóttir.

Bryndís Ísfold Hlöðversdóttir/Sigrún Elsa Smáradóttir frá 4. nóvember.

Helga Björg Ragnarsdóttir/Sigríður Pétursdóttir frá 2. september.

Varamenn:

Elínbjörg Magnúsdóttir, Ingunn B. Vilhjálmsdóttir, Einar Örn Ævarsson, Stefán Þór Björnsson, Felix Bergsson, Eva Kamilla Einarsdóttir og Friðrik Dagur Arnarsson.

Áheyrnarfulltrúi F-lista:

Ásta Þorleifsdóttir.

Varamaður:

Kjartan Eggertsson.

Áheyrnarfulltrúar í menntaráði:

Jónína Ó. Emilsdóttir, fulltrúi Skólastjórafélags Reykjavíkur/Hreiðar Sigtryggsson frá 7. nóvember.

Þorgerður L. Diðriksdóttir, fulltrúi Kennarafélags Reykjavíkur.

Sigrún E. Ólafsdóttir var einnig fulltrúi Kennarafélags Reykjavíkur til júlí.

Bergþóra Valsdóttir, fulltrúi SAMFOKs, samtaka foreldrafélaga og foreldraráða í grunnskólum Reykjavíkur.

Fulltrúar

Í upphafi árs starfaði menntaráð undir forystu Oddnýjar Sturludóttur. Í kjölfar meirihlutaskipta hjá Reykjavíkurborg 24. janúar tók nýtt menntaráð til starfa undir forystu Júlíusar Vífils Ingvarssonar. Í kjölfar meirihlutaskipta 21. ágúst tók til starfa nýtt menntaráð undir forystu Kjartans Magnússonar.

Í menntaráði sátu 7 fulltrúar kosnir af borgarstjórn. Pólitískir áheyrnarfulltrúar sátu einnig fundi ráðsins. Skólastjórafélag Reykjavíkur, Kennarafélag Reykjavíkur og SAMFOK, samtök foreldrafélaga og foreldraráða í Reykjavík, áttu einnig áheyrnarfulltrúa í ráðinu.

Fræðslustjóri, fjármálastjóri, starfsmannastjóri og skrifstofustjóri grunnskólaskrifstofu sátu fundi ráðsins, auk ritara menntaráðs.

Frá 16. október 2007 til 24. janúar 2008 voru eftirtaldir fulltrúar í menntaráði:

Aðalmenn:

Oddný Sturludóttir formaður

Sigrún Elsa Smáradóttir

Helga Björg Ragnarsdóttir

Lilja Dögg Alfreðsdóttir

Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir

Bolli Thoroddsen

Marta Guðjónsdóttir

Varamenn:

Magnús Már Guðmundsson

Eva Kamilla Einarsdóttir

Friðrik Dagur Arnarsson

Anna Margrét Ólafsdóttir

Ingunn B. Vilhjálmsdóttir

Áslaug Friðriksdóttir

Helga Kristín Auðunsdóttir

Áheyrnarfulltrúi F-lista:

Ásta Þorleifsdóttir

Varamaður:

Kjartan Eggertsson

Stefnumörkun

Menntaráð Reykjavíkur hélt 22 fundi á árinu 2008. Það markaði á árinu stefnu um eftirtalda þætti:

Febrúar

- Ráðið samþykkti tillögu um framtíðarsýn fyrir grunnskóla í Úlfarsárdal.
- Ráðið fól fræðslustjóra í samstarfi við sviðsstjóra ÍTR og mannauðsstjóra Ráðhúss að stofna starfshóp sem hefði það að markmiði að finna leiðir til að samræma ráðningar starfsmanna í grunnskólum og á frístundaheimilum.
- Fræðslustjóra og sviðsstjóra Leikskólasviðs var falið að kanna möguleika á því að koma á fót fimm ára deildum næstkomandi haust.

- Menntaráð fól fræðslustjóra að móta vinnu á Menntasviði til þess að tryggja áframhaldandi leiðsögn og skilvirka eftirfylgni umbótaáætlana í kjölfar mats á skólastarfi.
- Ráðið fól fræðslustjóra að vinna tillögur til úrbóta varðandi úthlutun fjármagns úr sérkennslupotti Menntasviðs Reykjavíkur til fatlaðra nemenda og nemenda með félags- og tilfinningarlegar raskanir og hegðunarraskanir.
- Ráðið samþykkti samstarf Fellaskóla og Tónlistarskóla FÍH „músíkalskt par“.

Mars

- Fræðslustjóra var falið að efla og auka veg kennslufræðilegrar ráðgjafar til grunnskóla Reykjavíkur og skýra og kynna ráðgjafarhlutverk sérskóla og sérdeilda. Honum var jafnframt falið að finna leiðir í samvinnu við þjónustumiðstöðvar borgarinnar til að sérfræðiþjónusta grunnskóla yrði í samræmi við stefnumótun menntaráðs og starfsáætlun Menntasviðs. Farið var fram á að fræðslustjóri tæki mið af tillögum starfshóps um sérfræðiþjónustu skóla þegar þjónustusamningar Menntasviðs og Velferðarsviðs yrðu endurnýjaðir.





Eftirlit

Eftirlit menntaráðs með skólahaldi í borginni fór einkum fram með minnisblöðum um ýmis mál sem lögð voru reglulega fyrir ráðið, niðurstöðum ýmissa kannana sem voru lagðar fyrir og svörum við fyrirspurnum fulltrúa.

Skóladagatöl allra grunnskóla voru yfirfarin og staðfest af menntaráði og kallað var eftir umbótaáætlunum og upplýsingum um stöðu sjálfsmats í grunnskólum borgarinnar. Staða starfsmannamála var kynnt reglulega.

Fylgst var með skólastarfi með ýmsum könnunum, s.s. fyrirspurnum til skólastjórnenda, lesskimun nemenda í 2. bekk, stærðfræðiskimun hjá 3. bekk, viðhorfsskönnun foreldra í grunnskólum Reykjavíkur til skólastarfs og rýnihópum foreldra. Ráðið fékk kynningu á niðurstöðum grunnskóla Reykjavíkur í PISA 2006, mati á líðan og samskiptum heyrnarlaustra og heyrnarskertra nemenda í Hlíðaskóla, niðurstöðum könnunar vegna nemenda með sértæka lestrarörðugleika og kynningu á úttekt á Skólaselinu í Keilufelli. Jafnframt var gert heildarmat á skólastarfi í 7 skólum.

Menntaráð veitti verðlaun og styrki til ýmissa verkefna á árinu, sjá nánar í 6. kafla.

Enn fremur var fræðslustjóra falið að standa fyrir ítarlegri greiningu á þörfum einstakra hverfa og skóla fyrir sérfræðipjónustu í samvinnu við þjónustumiðstöðvar, út frá ýmsum þáttum, ekki síst félagslegum.

- Ráðið samþykkti að fela fræðslustjóra að mynda starfshóp sem hefur það hlutverk að útfæra tillögur um hvernig flutningur barna milli leik- og grunnskóla gæti orðið sem ánægjulegastur og árangursríkastur fyrir börn með fatlanir og sérþarfir.
- Samþykkti ráðið að tvisvar á ári verði yfirlit yfir stöðu verkefna í Starfsáætlun Menntasviðs gerð aðgengileg á heimasíðu Menntasviðs.
- Samþykkt var að fagna því að 100 ár væru liðin frá lagasetningu um fræðsluskuldu á Íslandi. Fræðslustjóra var falið að gera tillögu til ráðsins varðandi þetta ásamt áætlun um kostnað.

Apríl

- Ráðið samþykkti að framlengja samninga við tónlistarskóla óbreytta í eitt ár, með vísan í staðfestingu ráðherra á því að stefnt sé að því að leggja fram frumvarp að lögum um tónlistarskóla á komandi haustþingi. Afliðt yrði lágmarksnemendafjöldi tímabundið til eins árs.
- Fræðslustjóra var falið, í samráði við menntaráð, að vinna tillögur varðandi kynningu á starfsnámi fyrir börn og unglinga í samræmi við tillögu borgarstjórnar þar um frá 18. mars 2008. Haft yrði samráð við hagsmunasamtök varðandi kynninguna. Jafnframt yrði haft samstarf við sviðsstjóra Leikskólasviðs.
- Ráðið fól fræðslustjóra að koma þeim sjónarmiðum áleiðis til stjórnenda Kennaraháskóla Íslands að afar mikilvægt væri að auka veg og efla fræðslu í bekkjarstjórnun og

kennslu nemenda með krefjandi hegðun.

- Fræðslustjóra var falið að finna leiðir til að stuðla að því að fleiri grunnskólum í Reykjavík yrði gert kleift að auka velferð nemenda sinna með því að efla foreldra í hlutverki sínu og stuðla að hlutdeild þeirra í skólastarfi barna sinna.
- Ráðið samþykkti að beina því til borgarráðs að breytingar yrðu gerðar á reglum varðandi styrkveitingar vegna fasteignaskatta og atvinnulóðarleigu til sjálfstætt rekinna skóla í Reykjavík, sem njóta almennra rekstrarstyrkja úr borgarsjóði. Lagt var til að styrkveitingar þessar yrðu miðaðar við raunnotkun húsnæðis og að styrkjafjárhæðir miðuðust við álögð gjöld.
- Samþykkt var að gera samkomulag við Tónlistarskóla Árbæjar um að sinna kennslu í Norðlingaskóla í tilraunaskyni í eitt ár.
- Samþykkt var að Skólahljómsveit Grafarvogs sinnti tónlistarkennslu í Grafarholti til eins ár.

Mai

- Menntaráð fól fræðslustjóra að setja af stað framkvæmdahóp til að útfæra tillögur starfshóps um tilhögun og fyrirkomulag kennslu nemenda með félags- og tilfinningalegar raskanir og hegðunaraskanir. Endanleg útfærsla tillagnanna, sem miðað var við að kæmi til framkvæmda haustið 2009, yrði lögð fyrir ráðið vorið 2009. Ráðið beindi því til framkvæmdahópsins að skoða hvort hægt væri að fara af stað með tilraunaverkefni í einum skóla næstkomandi skólaár.
- Á grundvelli niðurstöðukafla skýrslu framkvæmdahóps um bættu þjónustu við nemendur með sértæka lestrarerfiðleika fól menntaráð fræðslustjóra að koma á fót starfshópi um lestrarstefnu fyrir grunnskóla Reykjavíkur. Menntaráð

fól fræðslustjóra einnig að leita samstarfs við menntastofnanir til að koma á fót námskeiðum fyrir kennara samkvæmt tillögum framkvæmdahópsins. Þá var lagt til að fræðslustjóra yrði falið að gera tillögu að samræmdum starfsreglum fyrir grunnskóla um hvernig greiðslum til foreldra vegna lestrarskimana skyldi háttað.

- Menntaráð samþykkti að fela fræðslustjóra að koma á fót starfshópi til að vinna að úrbótum á grundvelli niðurstaðna skýrslunnar Mat á líðan og samskiptum heyrnarlausra og heyrnarskertra nemenda í Hlíðaskóla. Lögð skal áhersla á að móta stefnu um starfsemi táknaálssviðs með þátttöku skólastjóra, aðstoðarskólastjóra táknaálssviðs og öðrum hagsmunaaðilum.

Júní

- Ráðið fól fræðslustjóra að kynna niðurstöður starfshóps um sjálfsmynd og félagsfærni fyrir skólastjórum grunnskólanna á komandi skólaári, 2008-2009.
- Fræðslustjóra var falið að stofna verkefnisstjórn embættismanna, sem hefði það markmið að útfæra enn frekar tillögur starfshóps um tilhögun kennslu þroskahamlaðra nemenda, til undirbúnings fyrir ákvarðanatöku í menntaráði.
- Fræðslustjóra var falið að kanna fýsileika þess að gera einn af skólum í norðurhluta Grafarvogs að safnskóla fyrir unglingastig.
- Menntaráð fól fræðslustjóra í samvinnu við framkvæmdastjóra Íþrótt- og tómstundasviðs að stofna starfshóp til að kanna möguleika á frekari samþættingu skóla og frístundastarfs.

Ágúst

- Menntaráð samþykkti að beina því til borgarráðs að byggð yrði allt að 300 fermetra fjölnota viðbygging við Korpuskóla, sem yrði tilbúin við upphaf skólaárs 2010-2011.
- Menntaráð fól fræðslustjóra að skoða fyrirkomulag heilbrigðis-eftirlits í skólum, meðal annars hvernig staðið væri að eftirliti og verkferlum. Minnisblað með niðurstöðum fræðslustjóra yrði lagt fyrir menntaráð.

September

- Menntaráð samþykkti umsókn Hjallastefnunnar um stofnun sjálfstætt starfandi skóla fyrir börn á yngsta stigi grunnskóla. Starfsemin skyldi vera í samræmi við grunn-skólalög og fullnægja kröfum heilbrigðiseftirlits, eldvarnareftirlits og vinnuverndar.
- Menntaráð samþykkti að úthluta 40 milljónum króna til þeirra skóla sem samkvæmt viðmiðum byggju við íþyngjandi félagslegar aðstæður.
- Menntaráð samþykkti að fram-lengja til áramóta 2008-2009 samning sem gerður var í septem-ber 2005 við Mími – símenntun ehf. um íslenskukennslu fyrir útlendinga. Jafnframt samþykkti menntaráð að frá 1. janúar 2009 til loka kjörtíma-bils yrðu gefin út námskort til útlendinga, með lögheimili í Reykjavík, sem byggðu á íslensku-nám.

Október

- Menntaráð fól fræðslustjóra að beina þeim tilmælum til skólastjóra grunnskóla að skólarnir settu sér markmið og gerðu aðgerðaáætlun til þriggja ára varðandi málnotkun, málörvun, lestrarfærni og lestrar-áhuga og skilgreindu viðmið um árangur. Markmiðssetningin væri hluti af endurmati á skólanámskrá og/eða umbótaáætlun skóla.

- Í ljósi óvissu í þjóðfélaginu vegna efnahagsmála hvatti menntaráð skóla borgarinnar til að efla enn frekar starf gegn einelti meðal nemenda og starfsmanna skólanna.
- Fræðslustjóra var falið að hvetja foreldrafélög í skólum borgarinnar til að efla samskipti við börn og foreldra af erlendum uppruna.
- Ráðið fól fræðslustjóra að ítreka við skólana að hafa forvarnaráætlun sýnilega og hvetja til þess að hún væri kynnt reglulega.

Nóvember

- Fræðslustjóra var falið að fylgja eftir við skólastjóra niðurstöðum á fylgni milli lesskimunar í 2. bekk og niðurstöðna í samræmdum könnunarprófum í íslensku í 4. bekk. Menntaráð taldi mikilvægt að skólarnir ynnu markvisst með þessar niðurstöður.
- Samþykkt var að farið yrði í gerð kostnaðaráætlunar vegna reksturs Íslenskuskólans og viðræður við menntamálaráðuneytið og Samband íslenskra sveitarfélaga um hugsanlegt samstarf.

Desember

- Samþykkt var að ganga til samstarfs við Rannsóknarstofu í menntunar-fræðum ungra barna við mennta-vísindasvið Háskóla Íslands um framkvæmd starfendarannsóknar í þremur leikskólum og þremur grunnskólum í borginni í þeim tilgangi að stuðla að tengslum leikskóla og grunnskóla, skapa samfellu milli skólastiganna, stuðla að sveigjanleika í skólakerfinu og móta grunn að námskrá fyrir þennan aldurshóp.

2

Menntasvið Helstu verkefni 2008

Starfsáætlun 2009

Vinna við starfsáætlun Menntasviðs fyrir árið 2009 hófst í byrjun sumars 2008 með hugmyndafundi með skólastjórum og fulltrúum frá þjónustumiðstöðvum borgarinnar. Að þessu sinni var ákveðið að óska einnig eftir fundum með fulltrúum nemenda, foreldra og kennara til að fá fram hugmyndir þeirra um verkefni fyrir í vinnuferlinum. Haldnir voru þrír vinnufundir 4. september þar sem fulltrúar þessara hópa settu fram hugmyndir sínar um verkefni og skref næsta árs. Einnig var ákveðið að einstakar deildir Menntasviðs yrðu virkjaðar til að vinna úr þessum hugmyndum og hugmyndum frá sumarfundinum, skref fyrir næsta ár.

Starfsáætlunarhópur Menntasviðs og ritnefnd fóru síðan yfir tillögur deildanna um skref fyrir næsta ár og forgangsörðuðu miðað við stefnu menntaráðs og áherslur í skólastarfi. Meirihlutaskipti urðu í borgarstjórn Reykjavíkur um það leyti sem vinna við starfsáætlun var komin vel af stað. Í kjölfarið var endurskipað í menntaráð. Nýr meirihluti Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks tók við af meirihluta Sjálfstæðisflokks og Frjálslynda flokksins.

Vinnan við starfsáætlun Menntasviðs var langt komin þegar staðan í efnahagsmálum þjóðarinnar gjörbreyttist. Drög að endanlegri fjárhags- og starfsáætlun voru lögð fyrir menntaráð 16. desember 2008 og samþykkt í borgarstjórn 6. janúar 2009 með þeim fyrirvara að fjárhagsáætlunin yrði endurskoðuð fyrir 17. mars 2009.

Mat og eftirlit

Unnið var að því að styðja við sjálfsmat skóla, m.a. með samstarfi við Mentor um gerð sjálfsmatsskýrslu á Netinu. Þrír skólar tóku þátt í að þróa notkun hennar á árinu 2008. Umbótaáætlanir bárust frá öllum almennum grunnskólum í janúar 2008 og auk þess einum af sjálfstætt reknu skólunum. Farið var yfir þær og menntaráði gerð grein fyrir stöðunni. Unnið er að umbótum og þróunarverkefnum í skólunum á grundvelli kannana og skimana eða á grundvelli mats skólastjórnaenda á þörf fyrir úrbætur. Í hluta skólanna byggja umbótaáætlanir á sjálfsmati og styrk- og veikleikagreiningu.

Heildarmat á skólastarfi fór fram í 6 grunnskólum árið 2008, þremur á vorönn og þremur á haustönn. Markmið matsins er að efla skólastarf í borginni og veita yfirsýn yfir sterka og veika þætti í framkvæmd menntastefnu borgarinnar, en einnig að efla skólastarfið og styrkja innviði skólans, skólabrag og búa til samhljóm í skólanum. Unnið var eftir matsferli og gagna aflað með viðtölum, rýnihópum og vettvangsathugunum í skólastofum, auk þess sem farið var yfir skrifleg gögn frá skólanum. Matsskýrsla er rituð fyrir hvern skóla og þar teknar saman ábendingar um styrkleika og veikleika í skólastarfinu. Í kjölfar matsins gerir skólastjóri umbótaáætlun og kynnir á fundi með fræðslustjóra.

Skrifstofa fræðslustjóra

Skrifstofa fræðslustjóra bar ábyrgð á þjónustu við menntaráð og hafði umsjón með innleiðingu breytinga og undirbúningi stefnumörkunar. Á skrifstofunni var einnig haldið utan um samskipti innan lands og utan, upplýsinga- og kynningarmál, skjalastjórnun, gæðmál, ráðgjöf vegna sérkennslu og mat á skólasterfi.

Fræðslustjóri stýrði skrifstofunni og auk hans störfuðu þar aðstoðarmaður fræðslustjóra, stjórnunarritari, gæðastjóri, skjalastjóri og þrír verkefnastjórnarar. Undir skrifstofuna heyrðu einnig, tölfraði- og rannsóknþjónusta, forstöðumaður tónlistarmála og Námsflokkar Reykjavíkur.

Tölfraði- og rannsóknþjónusta

Meginhlutverk tölfraði- og rannsóknþjónustu var að safna og vinna úr gögnum um leik- og grunnskólastarf í borginni, auk áætlanagerðar, s.s. nemendaspár og vinnu við rannsóknir á skólasterfi. Deildarstjóri var Hildur B. Svavarsdóttir, en auk hennar störfuðu fjórir sérfræðingar og nemendaskrárritari á deildinni.

Helstu verkefni 2008

- Úrvinnsla úr skimunum í grunnskólum, s.s. lesskimun og Talnalykli.
- Framkvæmd og úrvinnsla viðhorfskönnunar foreldra í grunnskólum í Reykjavík.
- Undirbúningur og framkvæmd könnunar á listfræðslu í grunnskólum.
- Gagnaöflun vegna heildarmats grunnskóla.
- Mat á Skólaseli í Keilufelli.
- Könnun vegna nemenda með sértæka lestrarörðugleika í grunnskólum.
- Greining á starfi skólaliða.

- Mat á líðan og samskiptum heyrnarlausra og heyrnarskertra nemenda í Hlíðaskóla.
- Aðstoð við skólustjórnendur um framkvæmd, úrvinnslu og túlkun kannana í skólasterfi.
- Unnið að gerð ferla um viðhorfskannanir og yfirliti um kannanir og fyrirspurnir.

Forstöðumaður tónlistarmála

Laufey Ólafsdóttir gegndi starfi forstöðumanns tónlistarmála á árinu 2008 og hélt utan um tónlistarfræðslu á vegum skólahljómsveita og þá tónlistarskóla sem Reykjavíkurborg er með þjónustusamninga við.

Helstu áherslur 2008

- Samstarf tónlistarskóla og grunnskóla eftl m.a. með verkefninu „músíkalskt par“.
- Skipulögð var símenntun fyrir stjórnendur og kennara skólahljómsveita.
- Starfshópur um listfræðslu í grunnskólum Reykjavíkur.
- Starfshópur um framtíðarskipan tónlistarmála.

Námsflokkar Reykjavíkur

Formleg stefnumótun um félagslega menntastefnu Reykjavíkur fór fram 2005-2006 og var samþykkt í borgaráði 8. júní 2006. Það er ábyrgð Námsflokka Reykjavíkur að framfylgja félagslegri menntastefnu í samvinnu við öll svið borgarinnar. Nýr forstöðumaður, lðunn Antonsdóttir, hóf störf hjá um mitt árið.

Helstu áherslur 2008:

- Umsjón með eins og hálfis árs löngu náms-, starfs- og endurhæfingarnámskeiði á vegum Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar með

aðkomu Tryggingastofnunar ríkisins. Námsflokkarnir sáu að mestu um fræðsluhlutann, en sex slík námskeið voru haldin á árinu fyrir um eitt hundrað nemendur.

- Námsver í íslensku, stærðfræði, ensku og námstækni voru opin almenningi og sóttu um 70 manns þau.
- Náms- og starfsráðgjöf var veitt almenningi á þjónustumiðstöðvum borgarinnar og í húsnaði Námsflokka að Þönglabakka 4.

Grunnskólaskrifstofa

Á grunnskólaskrifstofu var unnið að uppbyggingu skólasterfs og stefnumörkun, aflað upplýsinga um skólasterf og miðlað til menntaráðs, og haldið utan um starfshópa á vegum ráðsins. Ráðgjöf við foreldra var snarþáttur í starfseminni. Unnið var að endurgerð skólalóða í samvinnu við Framkvæmdasvið borgarinnar. Auður Árný Stefánsdóttir er skrifstofustjóri grunnskólaskrifstofu. Á grunnskólaskrifstofu störfuðu að auki fimm verkefnastjórnarar. Grunnskólaskrifstofa skipulagði símenntun og kynningar skólustjórnenda og námskeið fyrir kennara. Skrifstofustjóri sat jafnframt fundi í samráði skólustjóra og stýrði mánaðarlegum fundum með skólustjórum borgarinnar.

Helstu áherslur 2008

- Áhersla var sem fyrr, á að styðja við faglega framþróun grunnskólans í átt til einstaklingsmiðaðs náms og leitast var við að skýra ferla og vinnubrögð í þjónustu við skólana.
- Skrifstofan hafði umsjón með úthlutun styrkja menntaráðs til nýbreytni- og þróunarstarfs.
- Haldið var áfram með námskeið til að styrkja stjórnendur í leiðtoga-starfi.

- Skýrsla um eflingu sjálfsmyndar og félagsfærni barna/nemenda í leik- og grunnskólum kom út.
- Unnið var að aukinni samfellu í skólastarfi í samstarfi við ÍTR og tónlistarskóla.
- Námskeið um teymiskennslu var haldið fyrir aðstoðarskólastjóra, deildarstjóra o. fl.
- Gefinn var út nýr endurskoðaður bæklingur „Stoðir í skólastarfi“ í samræmi við ný grunnskólalög til að efla skólaráð í samvinnu við SAMFOK.
- Handbók um móttöku nemenda af erlendum uppruna var gefin út og kynnt. Ráðstefna um þetta málefni var haldin í nóvember.
- Heilsárs jafnréttisnámskeið byrjaði fyrir kennara í samvinnu við Símenntun – rannsóknir – ráðgjöf, hjá Menntavísindasviði Háskóla Íslands.
- Haldin voru námskeið fyrir kennara um lestur, læsi og ritun í samvinnu við Háskólann á Akureyri og Ardleigh Green skólann í Bretlandi.
- Unnið var með byrjendalæsi í fjórum skólum.
- Sett var á fót farkennarateymi í tungumálaveri Laugalækjarskóla, til að styðja nemendur sem læra íslensku sem annað tungumál.
- Þrír fundir voru haldnir í Brú, sameiginlegum faglegum vettvangi Menntasviðs og Leikskólasviðs.
- Skólar voru hvattir til að taka þátt í umhverfisdögum og í tilefni þess fengu öll sex ára börn haustlauka til gróðursetningar.
- Undirbúningur að kynningum á nýjum lögum og reglugerðum um skólaráð fór fram á haustdögum í samstarfi við Skólastjórafélag Reykjavíkur, Kennarafélag Reykjavíkur, SAMFOK og þjónustumiðstöðvar borgarinnar.
- Samstarf hófst við Mentor um



forrit til að auðvelda vinnu við sjálfsmatsskýrslur skólanna.

- Haldin var fagleg ráðstefna fyrir kennara á öskudegi undir yfirskriftinni „Halakörtur og hagnýt ráð“.
- Reglulega voru haldnar sýningar á verkum grunnskólanema á gangi grunnskólaskrifstofu.
- Fræðslufundur var haldinn fyrir starfsfólk grunnskóla um einelti á vinnustöðum í samvinnu við starfsmannþjónustu.

Sérkennsla

Grunnskólar Reykjavíkur starfa samkvæmt stefnu borgarinnar um skóla án aðgreiningar þar sem allir nemendur eiga val um skóla samkvæmt ákvörðun foreldra. Til skólanna er úthlutað fjármagni til sérkennslu, annars vegar er um að ræða úthlutun vegna nemenda með almenna og sértæka námserfiðleika og hins vegar úthlutun vegna fatlaðra nemenda og nemenda sem hafa mikla sérkennsluþörf. Á haustönn 2008 fengu grunnskólarnir úthlutað fjármagni í sérstuðning við 685 nemendur.

Helstu verkefni 2008

- Úthlutun fjármagns til almennra grunnskóla vegna mikið fatlaðra nemenda.
- Endurskoðun á úthlutunarreglum vegna nemenda með geðraskanir.
- Skil starfshóps um sérfræðiþjónustu skóla.
- Vinna og skil stýrihóps og þriggja undirhópa við úttekt og tillögur um kennslu nemenda með þroskahömlun í almennum grunnskólum, sérdeildum og sérskólum.
- Vinna og skil starfshóps um kennslu nemenda með félags- og tilfinningalegar raskanir og hegðunar-raskanir.
- Verkefnisstjórn um útfærslu og breytingar á skipulagi Brúarskóla.



- Vinna og skil starfshóps um sjálfsmynd og félagsfærni nemenda.
- Framkvæmdahópur um bættu þjónustu við nemendur með sértæka lesröskun lauk störfum á árinu.

Skólamötuneyti

Forrit undir nafninu Tvær hendur var innleitt í öll skólamötuneyti borgarinnar. Það á að tryggja öryggi barna með sérþarfir vegna mataræðis, s.s. matarofnæmi og mataróþol og auðveldar allt bókahald, yfirlit yfir greiðslustöðu og innheimtu fyrir skólamáltíðir.

Fjármála- og rekstrarþjónusta

Helstu verkefni tengdust stefnumörkun, fjárhagsáætlun, rekstrarþjónusta, fjárhagseftirliti og ráðgjöf. Sjö manns sinntu fjárhagsáætlun, rekstraráætlunum, búnaði, tölfraði, fjárhagseftirliti og innheimtu. Verkefnisstjóri byggingarmála sá um ýmis verkefni er tengjast rekstri og viðhaldi skólabygginga og frístundaheimila. Einnig hafði hann umsjón með skólaakstri. Jón Ingi Einarsson var fjármálastjóri Menntasviðs.

Helstu áherslur 2008

- Ráðgjöf og eftirlit í tengslum við hertar reglur um kaup á vöru og þjónustu.
- Innleiðing á nýju mötuneytiskerfi.
- Fræðslufundur með umsjónarmönnum húsnaðis.
- Undirbúningsvinna vegna útboða, s.s. vegna kaupa á þurrvöru og grænmeti og innkaupa á húsgögnum í skóla.
- Ráðgjöf vegna endurbóta á búnaði vegna endurnýjunar á húsnaði í eldri skólum.

- Samstarf og samráð vegna hönnunar á Sæmundar- og Norðlingaskóla.
- Átak var gert í því að kynna afsláttarsamninga fyrir skólastjórnum.
- Átak í samræmingu ferla og vinnubragða í tengslum við gæðahandbók Menntasviðs.
- Undirbúningur og gerð fjárhagsáætlana – mun viðameira og lengra ferli en venjulega.
- Átak í að endurskoða reikninga þar sem um var að ræða tvígreiðslur ásamt skoðun á meðferð á innskatti.

Mannauðsþjónusta

Verkefni mannauðsþjónustu skiptust á árinu 2008 í eftirfarandi meginþætti:

1. Vinnurétt og ráðningar, s.s. ráðgjöf til skólastjórna, kynningu og túlkun á kjarasamningum og námskeið.
2. Vinnuumhverfi, s.s. ráðgjöf og úrlausnir vegna ágreinings- og eineltismála, áhættumat, skipulagning og fræðsla á starfsdögum, námskeið, fyrirlestrar og eftirfylgd vinnustaðagreininga. Einnig tók mannauðsþjónustan þátt í heildarmati á skólastarfi.
3. Starfsþróun og símenntun, s.s. umsjón með námskeiðum fyrir skólastjórnum og kennara ásamt skipulagi náms fyrir sérhæfða starfsmenn í grunnskólum.

Á árinu veitti mannauðsþjónustan fjölbreytta þjónustu og ráðgjöf, hafði umsjón með starfsauglýsingum og einnig umsjón með ráðningum stjórna í skólunum og starfsmanna á skrifstofu sviðsins. Valgerður Janusdóttir mannauðsstjóri sá um formleg samskipti við stéttarfélag.

Helstu áherslur 2008

- Stuðningur við stjórnendur um starfsmannamál.
- Undirbúningur að innleiðingu á notkun kerfisins *Vinnustund* í grunnskólum.
- Fræðsla, úrvinnsla og eftirfylgd í kjölfar vinnustaðagreiningar.
- Nám fyrir ritara í grunnskólum og fleiri hópa, í samvinnu framhaldsskóla.
- Umsjón með *Tími til að tengjast* námskeiði fyrir skólastjórnum.
- Tölvutök. Umfangsmikið símenntunarverkefni í samvinnu við KHÍ sem hafði það markmið að efla færni kennara við að nota tölvu- og upplýsingatækni í kennslu.

Upplýsingatæknipjónusta

Deildin hafði umsjón með búnaði til notkunar í upplýsingatækni í grunnskólum Reykjavíkur. Meginverkefni voru dagleg þjónusta, gerð áætlana, rekstur og uppbygging tækniumhverfis ásamt því að taka þátt í stefnumörkun og veita ráðgjöf. Forstöðumaður upplýsingatæknipjónustu var Sigþór Örn Guðmundsson. Upplýsingaþjónustan skiptist í þrjár einingar:

1. Kerfisstjórn, sem sá um rekstur miðlarakerfis og uppsetingu véla og hugbúnaðarkerfa, þjónustustjóri var Ali Mobli.
2. Notendaþjónusta fyrir stóran hluta grunnskóla og alla leikskóla sem borgin rekur og umsjón með þjónustuborði. Þjónustustjóri var Páll Dungal.
3. Skólasafnaþjónusta sem sinnti innkaupa- og ráðgjafarþjónustu fyrir skólasöfn Reykjavíkur. Margrét Björnsdóttir var þjónustustjóri.

Helstu áherslur 2008

- Áframhaldandi uppbygging þjónustuumhverfis þar sem sameinuð var nær- og fjarþjónusta fyrir skóla með þjónustusamning við deildina.
- Gerð sjálfvirks umsjónarkerfis fyrir notendur þar sem upplýsingakerfi sviðanna tengist Mentor og mannauðskerfi borgarinnar.
- Tölvuvæðing skólasafnakerfis til að gera mynd- og hljóðefni aðgengilegt nemendum og starfsfólki.

Námsferðir og erlend samskipti

Námsferð skólastjóra og Menntasviðs Reykjavíkurborgar til New Orleans

Í mars fóru 29 skólastjórar og fjórir starfsmenn á Menntasviði, auk formanns menntaráðs, í námsferð til New Orleans til að taka þátt í árlegri ASCD-ráðstefnu. Þeir sóttu fyrirlestra um skólastjórnun, stjórnun menntastofnana skólaþróun og fleira. Að auki sóttu flestir eins eða tveggja daga námskeið um svipað efni áður en ráðstefnan hófst.

Heimsóknir erlendra gesta

- Skólastjórar frá Finnlandi fengu kynningu á stefnu Reykjavíkurborgar um einstaklingsmiðað nám og samvinnu nemenda 10. mars 2008. Að auki fengu þeir kynningu á sérkennslustefnu borgarinnar og helstu úrræðum í þeim málaflokki og hvernig staðið er að móttöku og kennslu nemenda með annað tungumál en íslensku.
- 19. mars kom tíu manna hópur á vegum menntamálaráðuneytisins í Berlín í þekkingarheimsókn og fékk fyrirlestur um stefnu borgarinnar í sérkennslumálum og skóla fyrir alla.

- Grunnskólaskrifstofan liðsinnti færeyskum skólastjóra í námsleyfi sem vildi heimsækja nokkra grunnskóla í sex vikna námsleyfi hér á landi og hélt kynningarfund með skólastjóranum um íslenskt skólakerfi.
- Grunnskólaskrifstofan skipulagði einnig skólaheimsóknir fyrir 10 manna hóp frá skólaskrifstofu í úthverfi Bergen og hélt kynningarfund um skólastefnu borgarinnar fyrir þann hóp.
- Kínversk sendinefnd var í heimsókn á Menntasviði í apríl og fékk fyrirlestur um stefnu um einstaklingsmiðað nám og samvinnu nemenda.
- Grunnskólaskrifstofa hafði milligöngu um heimsóknir nokkurra hópa yngstu grunnskólanemenda á ljósmyndasýningu fransks ljósmyndara í Borgarabókasafni.
- 26. ágúst var kynning á menntastefnunni fyrir hóp starfsmanna frá skólaskrifstofu í Osló.
- Sendinefnd frá Moskvu fékk, í byrjun september, kynningu á skólauppbyggingu í borginni.
- Samstarfsaðilar leikskólans Nóaborgar í Comeniusar-verkefni fengu kynningu á menntastefnunni og skólastarfi í borginni 15. október.
- Kynning á skólastefnunni var haldin fyrir sænska kennara og skólastjóra sem heimsóttu Engjaskóla í Grafarvogi 16. október.
- Starfsmenn fræðslu- og prófa-deildar Pekingborgar fengu kynningu á menntastefnunni um einstaklingsmiðað nám og samvinnu nemenda 28. nóvember.

Starfshópur um sérskóla fyrir nemendur með þroskahömlun skoðaði þrjá skóla á Norðurlöndum

Í janúar fór starfshópurinn til Noregs og Danmerkur til að kynna sér þá skóla sem eru fremstir í sinni röð á þessu sviði.

Náms og kynnisferð til New England Center for Children – NECC í Boston

Farið var í náms- og kynnisferð til Boston í byrjun mars. Í ferðahópnum voru stýrihópur um tilhögun kennslu nemenda með þroskahömlun, fulltrúar starfshóps um kennslu nemenda með hegðunar- og geðraskanir, fulltrúar Langholtsskóla vegna sérdeildar fyrir nemendur með einhverfu, fulltrúar Brúarskóla, fræðslustjóri og fulltrúar menntaráðs, fulltrúar Leikskólasviðs og formaður leikskólaráðs. Auk þess fór með hópnum fulltrúi Menntamálaráðuneytis.

Norrænir skólaleikar í íþróttum haldnir í Kaupmannahöfn dagana 26. - 30. maí 2008

Íþóttamót fyrir grunnskólanemendur yngri en 14 ára, keppt er í knattspyrnu drengja, körfuknattleik stúlkna og frjálsum íþróttum stúlkna og drengja. Markmið með skólaleikunum er að sameina skólaungmenn á Norðurlöndunum í gegnum íþróttirnar.

Norrænir fræðslustjórar funduðu í Kaupmannahöfn

Árlegur fundur fræðslustjóra var haldinn í Kaupmannahöfn 8.–10. júní. Meginmálefni fundarins voru heildarmat skóla og einstaklingsmiðað nám.

3

Skólastarf í tölum

Nemendum í grunnskólum í Reykjavík fækkaði sjötta árið í röð en haustið 2008 voru starfræktir 36 almenn grunnskólar í Reykjavíkurborg, 3 sérskólar og 5 sjálfstætt starfandi skólar, samtals 44 grunnskólar.

Nemendur í þessum skólum voru samtals 14.368 í október 2008. Þar af voru 13.817 í almennum grunnskólum og hafði þeim fækkað um 277 á einu ári, 130 í sérskólum, þremur fleiri en árið 2007 og 421 í sjálfstætt starfandi skólum. Að auki voru 124 nemendur í 5 ára bekk í sjálfstætt starfandi skólum.

Meðalfjöldi nemenda í bekkjardeild var 20,5.


Tafla 3.1.

Nemendur í almennum grunnskólum haustið 2008 og stofnár skóla

	Skólastig	Fjöldi nemenda	Stofnár
Austurbæjarskóli	1.-10. bekkur	518	1930
Álftamýrarskóli	1.-10. bekkur	349	1964
Árbæjarskóli	1.-10. bekkur	760	1967
Ártúnsskóli	1.-7. bekkur	156	1987
Borgaskóli	1.-10. bekkur	340	1998
Breiðagerðisskóli	1.-7. bekkur	336	1955
Breiðholtsskóli	1.-10. bekkur	503	1969
Engjaskóli	1.-10. bekkur	301	1995
Fellaskóli	1.-10. bekkur	345	1975
Foldaskóli	1.-10. bekkur	373	1985
Fossvogsskóli	1.-7. bekkur	309	1971
Grandaskóli	1.-7. bekkur	267	1986
Hagaskóli	8.-10. bekkur	515	1958
Hamraskóli	1.-10. bekkur	276	1991
Háteigsskóli	1.-10. bekkur	383	1968
Hlíðaskóli	1.-10. bekkur	517	1955
Hólabrekkuskóli	1.-10. bekkur	525	1974
Húsaskóli	1.-10. bekkur	288	1991
Hvassaleitissskóli	1.-10. bekkur	237	1966
Ingunnarskóli	1.-10. bekkur	451	2001
Klébergsskóli	1.-10. bekkur	166	1929
Korpuskóli	1.-10. bekkur	179	1999
Langholtsskóli	1.-10. bekkur	542	1952
Laugalækjarskóli	7.-10. bekkur	284	1960
Laugarnesskóli	1.-6. bekkur	406	1935
Melaskóli	1.-7. bekkur	551	1936
Norðlingaskóli	1.-10. bekkur	247	2005
Réttarholtsskóli	8.-10. bekkur	316	1956
Rimaskóli	1.-10. bekkur	694	1993
Selásskóli	1.-7. bekkur	271	1986
Seljaskóli	1.-10. bekkur	684	1979
Sæmundarskóli	1.-7. bekkur	231	2007
Vesturbæjarskóli	1.-7. bekkur	281	1958
Víkurskóli	1.-10. bekkur	334	2001
Vogaskóli	1.-10. bekkur	334	1959
Ölduselsskóli	1.-10. bekkur	548	1975
Samtals		13.817	

Mynd 3.2

Nemendur sem fengu kennslu í íslensku sem öðru tungumáli eftir borgarhverfum haustið 2008



Nemendur af erlendum uppruna

Alls fengu 543 nemendur af 49 þjóðernum, kennslu í íslensku sem öðru tungumáli á árinu 2008, 86 fleiri en á árinu 2007. Algengustu þjóðerni þessara nemenda voru pólskt (202), filippínskt (54) og litháískt (37). Þeir skólar sem voru með flesta nemendur sem fengu kennslu í íslensku sem öðru tungumáli voru Austurbæjarskóli (109), Fellaskóli (72), Breiðholtsskóli og Hólabrekkuskóli (38 hvor), Háteigsskóli (29) og Vesturbæjarskóli (27). Aðrir skólar voru með færri en 20 nemendur sem fengu kennslu í íslensku sem öðru tungumáli en ef horft er á skólahverfi kemur í ljós að hvað fæstir nemendur sem nýta þessa þjónustu eru í skólum í Grafarvogi.

Tafla 3.5

Þjóðerni nemenda sem fengu kennslu í íslensku sem öðru tungumáli*

	-2004	04 -2005	2005 -2006	2006 -2007	2007 -2008	2008 -2009
Filippínskt	74	84	51	54	57	54
Pólskt	23	33	33	51	113	202
Tælenskt	33	45	29	30	27	26
Víetnamskt	59	61	29	28	28	26
Litháískt	24	31	17	27	30	37
Kólumbískt	-	-	14	13	22	23
Kínverskt	19	20	13	13	14	10
Rússneskt	15	10	6	11	10	11
Bandarrískt	12	15	13	10	-	5
Franskt	-	-	-	8	7	5
Þýskt	-	-	-	7	8	8
Nepalskt	-	7	10	7	10	7
Serbneskt	20	7	-	6	11	11
Portúgalskt	-	-	-	6	14	26
Albanskt	10	9	-	-	-	1
Breskt	6	9	7	-	6	2
Danskt	-	6	-	-	-	4
Sri Lankst	9	6	6	-	-	2
Norskt	9	-	-	-	-	4
Japanskt	7	-	-	-	-	-
Lettneskt	-	-	6	-	10	15
Samtals:	320	343	234	271	367	482

* Miðað er við 6 eða fleiri nemendur af sama þjóðerni

Tafla 3.2.
Nemendur í sérskólum haustið 2008*

Skóli	Skólastig	Fjöldi nemenda
Brúarskóli	3.-10. bekkur	31
Nemendur í geðrænum og félagslegum vanda		
Safamýrarskóli	3.-10. bekkur	13
Fjölfatlaðir nemendur		
Öskjuhlíðarskóli	1.-10. bekkur	86
Greindarskertir nemendur		
Samtals		130

*Fimm ára nemendur ekki taldir með.

Tafla 3.4.
Heildarfjöldi nemenda eftir gerð skóla að hausti 1997-2008*

	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008
Almennir grunnsk.	13.844	14.103	14.242	14.459	14.707	14.909	14.870	14.844	14.568	14.358	14.094	13.817
Sérskólar	177	160	165	175	176	159	150	152	145	157	127	130
Einkareknir grunnsk.	521	524	518	544	498	427	409	357	362	390	431	421
Samtals	14.542	14.787	14.925	15.178	15.381	15.495	15.429	15.353	15.075	14.905	14.652	14.368

*Alls 124 fimm ára nemendur í einkaskólum ekki taldir með

Tafla 3.3.

Nemendur í einkareknum grunnskólum haustið 2008

Skóli	Skólastig	Fjöldi nem. ⁴⁾
Landakotsskóli ¹⁾	1.-10. bekkur	125
Laufásborg	1.bekkur	9
Skóli Ísaks Jónssonar ²⁾	1.-3. bekkur	161
Suðurhlíðarskóli ³⁾	1.-10. bekkur	42
Tjarnarskóli	8.-10. bekkur	43
Waldorfskólinn Sólstafrir	1.-9. bekkur	41
Samtals		421

1) Að auki voru 20 fimm ára nemendur í Landakotsskóla

2) Að auki voru 103 fimm ára nemandi í Skóla Ísaks Jónssonar

3) Að auki var 1 fimm ára nemandi í Suðurhlíðarskóla

4) Alls nemendur 545

Þróun og spá um nemendafjölda

Í spám er gert ráð fyrir að nemendum fækki áfram næstu tvö árin en fjölgi svo lítillega eftir það. Gert er ráð fyrir að 85,5% fæddra barna í Reykjavík skili sér í grunnskóla borgarinnar. Við gerð spár um nemendafjölda eru annars vegar lagðar til grundvallar tölur um fjölda fæddra barna í Reykjavík á árabílinu 1969-2007 og hins vegar fjöldi barna á aldursbílínu 6-15 ára í grunnskólum borgarinnar á árunum 1984-2008.

(54 stöðugildi á aðalskrifstofu Menntasviðs, 24 í skólahljómsveitum og 8 hjá Námsflokki Reykjavíkur). Í grunnskólunum voru 1.558 stöðugildi grunnskólakennara, stjórnenda, námsráðgjafa, þroskaþjálfara, bókasafnsfræðinga, fjármálaráðgjafa og annarra sérfræðinga. Á árinu voru einnig 623 stöðugildi skólalíða, stuðningsfulltrúa, skólaritara, skrifstofustjóra, umsjónarmanna, tölvuumsjónarmanna, starfsmanna í mötuneytum og við ræstingar.

lausar stöður og afar fá störf voru laus í grunnskólum borgarinnar þegar líða tók á haustið.

Viðhorfsskannanir

Mannauðsskrifstofa Ráðhússins framkvæmdi viðhorfsskönnun í samstarfi við öll svið borgarinnar vorið 2008. Könnunin var framkvæmd dagana 2. til 18. apríl í gegnum Outcome vefkönnunarkerfið. Niðurstöður voru kynntar í samráði skólastjóra og síðan sendar út til allra stjórnenda í upphafi sumars. Ráðgjafarvinna frá fyrra ári í tengslum við niðurstöður vinnustaðagreiningar 2007 hélt áfram í flestum þeirra skóla sem það höfðu ráðgjöf. Auk þess voru niðurstöður nýttar markvisst í vinnu við heildarmat á skólum.

Starfsmenn og starfsþróun

Haustið 2008 störfuðu starfsmenn í 2.267 stöðugildum á Menntasviði, það er í grunnskólum, skólahljómsveitum, hjá Námsflokki og á aðalskrifstofu sviðsins. Þar af voru 2.181 stöðugildi í grunnskólum og 86 á skrifstofu sviðsins, í skólahljómsveitum og Námsflokki Reykjavíkur

Starfsmannamál í grunnskólum

Nokkur óvissa ríkti um hvort takast myndi að ráða í allar lausar stöður hjá grunnskólum borgarinnar fyrir haustið, en við upphaf skóla voru 48 stöðugildi ómönnuð, þar af í 17,5 stöðugildi kennara. Breyttar aðstæður í samfélaginu í byrjun október urðu þess valdandi að vel gekk að ráða í

Námskeið

Á árinu 2008 voru haldin 49 námskeið á vegum mannauðsþjónustu Menntasviðs í samstarfi við ýmsa aðila, fyrir rúmlega 1.400 þátttakendur.

Stjórnendanámskeiðið *Tími til að tengjast* hélt áfram frá fyrra ári og hófu teymi skólastjórna samvinnu sína í upphafi árs. Markmið námskeiðsins var að styrkja samvinnu skólastjóra og aðstoðarskólastjóra milli skóla og störfuðu alls 12 teymi saman út árið, en hvert teymi var með

tengil frá aðalskrifstofu Menntasviðs. Breski skólaþróunarsérfræðingurinn Dave Anderson hélt tvo námskeiðsdaga á árinu fyrir þátttakendur í námskeiðinu; einn að vori og annan að hausti.

Samhliða teymastarfinu var stjórnendum boðið á fyrirlestraröð, samtals 5 skipti, um mannauðsstjórnun í skólasamfélagi sem skipulögð var í samstarfi við Háskólann í Reykjavík á vorönn 2008. Stjórnendum var einnig boðið upp á námskeið í starfsmanna-

samtölum, *Agresso* bókhaldskerfinu, og haldið var málþing fyrir stjórnendur og starfsmenn eineltisteyma um viðbrögð við einelti á vinnustöðum. Einnig voru haldin stutt námskeið fyrir stjórnendur um rafræna umsóknarkerfið *VinnuUmsókn* sem tekið var í notkun á vormánuðum.

Nokkur námskeið voru í boði fyrir grunnskólakennara á árinu og á haustönn var lögð áhersla á námskeið um læsi og lesskilning. Í samstarfi við John Morris og kennara Ardleigh Green Junior School í Englandi var skipulagt 50 stunda námskeið fyrir

Tafla 3.6.**Námskeið á vegum Menntasviðs Reykjavíkurborgar 2008**

	Heiti / inntak	Markhópur	Nám- skeið	Stunda- fjöldi	Þátt- takendur
	TTT- námsk. skólastjórnenda um netverk og samstarf	Skólastj., aðstoðarskólastj. og stjórn. skólahljómsveita	1	32	84
	Mannauðsstjórnun í skólastarfi	Skólastj., aðstkskólastj. og stjórnendur skólahljómsveita	5	20	84
	Málþroski og læsi	Grunnskólakennarar	1	30	65
	Nám í jafnréttisfræðslu grunnskólabarna	Grunnskólakennarar	1	38	37
	Lestur og ritun fyrir yngstastig og miðstig	Grunnskólakennarar	1	50	44
	Læsi og lesskilningur fyrir miðstig og elsta stig	Grunnskólakennarar	1	40	28
	Brot af því besta - jafningjafræðslufundur	Grunnskólakennarar	4	2	169
	Íslenska fyrir erlent starfsfólk	Erlendir starfsmenn grunnskóla	3	40	10
	Íslenska fyrir erlent starfsfólk	Erlendir starfsmenn grunnskóla	3	60	25
	Agresso-bókhaldskerfið	Nýir notendur Agresso	3	4	18
	Einelti á vinnustöðum	Skólastjórnendur og starfsmenn eineltisteyma	1	4,5	52
	Áhættumat í grunnskólum	Skólastjórar og umsjónarmenn í grunnskólum	1	3	80
	Orkunýting og sparnaður, innkaup og fyrirkomulag ræstinga	Umsjónarmenn í grunnskólum	1	3	37
	Skyndihjálp	Íþróttakennarar og starfsmenn skólasundlauga	1	16	16
	Skyndihjálp	Íþróttakennarar og starfsmenn skólasundlauga	1	24	29
	Námskeið um VinnuUmsókn	Skólastjórnendur, skrifstofustjórar	5	1,5	50
	Námskeið um LOGOS-lesgreiningarforritið	Sérkennarar	1	15	15
	Byrjendalæsi	Grunnskólakennarar	1	40	35
	Námskeið um notkun gæðahandbókar	Yfirmenn skólamötuneyta	2	2	4
	Námskeið um næringu og matseðlagerð	Starfsfólk skólamötuneyta	1	2	11
Fræðsluf. um lausnamiðað ferli til að takast á við erfiða hegðun			1	3	20
	Lausnamiðað ferli til að takast á við erfiða hegðun	Grunnskólakennarar	1	60	38
Ráð til að bæta samsk. og hegðun í skólum: Námsk. í bekkjarstj.		Grunnskólakennarar	1	16	32
	Að nota fræðin til að bæta hegðun	Starfsfólk skóla	1	8	63
Jákv. og árangursríkar aðferðir til að draga úr erfiðri hegðun		Starfsfólk skóla	1	8	65
	Námskeið um samkynhneigð og samfélag	Námsráðgjafar og skólahjúkrunarfræðingar	1	3	22
	Leiðir til að skapa jákvætt námsumhverfi	Grunnskólakennarar og stuðningsfulltrúar	5		120
	Tölvutök	Grunnskólakennarar	1		60
	Skólaritara- og skrifstofustjóranám	Skólaritarar og skrifstofustjórar	1		12
	Samtals:		51		1325

kennara til að efla kennslu í lestri og ritun fyrir yngsta stig og miðstig. Námskeið til að efla læsi og lesskilning á miðstigi og elsta stigi var skipulagt í samstarfi við Háskólann á Akureyri. Í samstarfi við SRR (Símenntun, rannsóknir og ráðgjöf) í Háskóla Íslands var skipulagt námskeið um málþroska og læsi, ætlað leikskólakennurum og kennurum yngstu barna í grunnskólum. Í samstarfi við SRR var einnig skipulagt námskeið um jafnréttisfræðslu grunnskólakennara í umsjón Ásdísar Olsen og Ólafs Páls Jónssonar. Haldið var réttindanámskeið fyrir sérkennara um notkun Logos lesgreiningaforritsins í samstarfi við fyrirtækið Lexometrica. Að auki voru haldnir fjórir jafningjafræðslufundir fyrir kennara á Menntasviði undir yfyrskriftinni „Brot af því besta“ þar sem kennarar kynntu verkefni í skólastarfi.

Haldið var áfram með átaksverkefni um bættu hegðun og samskipti í skólum fram á haust og voru haldin námskeið fyrir grunnskólakennara um lausnamiðað ferli og hagnýtar aðferðir til að bæta samskipti og hegðun í skólum. Einnig sátu stuðningsfulltrúar ásamt grunnskólakennurum námskeið um leiðir til að skapa jákvætt náms-umhverfi.

Námskeið í *Tölvutökum* var haldið þriðja árið í röð, en það nær yfir eitt skólaár og miðar að því að efla færni kennara til tölvunotkunar í kennslu. 92 grunnskólakennarar útskrifuðust úr Tölvutökum vorið 2008 og voru 59 skráðir í námið á haustönn.

Vorið 2008 útskrifuðust 23 skólaritarar og skrifstofustjórar úr 22 eininga námi sem var skipulagt sem þriggja anna sérsniðið nám í samstarfi við Verslunarskólann og Framvegis. Námið miðaði að því efla þekkingu og færni, m.a. í tölvuforritum, samskiptum og samtalstækni, íslensku, viðskipta-ensku og bókfærslu. Þrír starfsmenn á skrifstofum skóla til viðbótar hófu námið í upphafi árs 2008.

Erlendum starfsmönnum var sem fyrr boðið upp á námskeið í íslensku en námskeiðin voru skipulögð í samstarfi við Leikskólasvið og hafði Alþjóðahús umsjón með kennslunni. Boðið var upp á byrjendanámskeið og framhaldsnámskeið og alls voru 35 þátttakendur frá Menntasviði á námskeiðunum á árinu.

Einnig voru haldin námskeið fyrir starfsmenn skólaeldhúsa um notkun gæðahandbókar og námskeið um næringu og matseðlagerð var haldið fyrir sama hóp í samstarfi við Lýðheilsustöð.

Skyndihjálpar- og laugarvörslunámskeið voru haldin á árinu fyrir íþróttakennara og starfsmenn skólasundlauga.

Námsstyrkir

Í upphafi árs voru veittir námsstyrkir til 15 kennara og stjórnenda sem voru nálægt námslokum í framhaldsnámi. Styrkirnir námu alls 2,9 milljónum króna.

Styrkir til námskeiðshalds

Á árinu 2008 fékk Menntasvið tvívegis styrk frá Menntamálaráðuneyti vegna íslenskukennslu fyrir erlenda starfsmenn, samtals um 1,1 milljón króna.

Einnig fékk sviðið styrkvilyrði úr endurmenntunarsjóði grunnskóla upp á ríflega 2,1 milljón króna til að standa straum af kostnaði vegna námskeiða fyrir grunnskólakennara.



4

Starfsemi grunnskóla

Stefnumið og framkvæmd

Í tengslum við breytingar á borgarstjórn Reykjavíkur voru gerðar lítils háttar áherslubreytingar á menntastefnu borgarinnar sem var endurskoðuð árið 2007. Leitað var eftir hugmyndum frá skólastjórnendum, fulltrúum frá þjónustumiðstöðvum, fulltrúum kennara, nemenda, foreldra og annarra hagsmunahópa um framkvæmd menntastefnunnar í tengslum við starfsáætlunargerð fyrir Menntasvið. Á árinu var framfylgt fimm megin stefnumiðum í menntamálum.

Nám við hæfi hvers og eins – markviss samvinna

Haldið var áfram við að framfylgja stefnu um einstaklingsmiðað nám.

Með spurningalistum var kannað viðhorf kennara til þess hvernig einstaklingsáætlanir skiluðu sér í námi.

Framkvæmdahópur um lesröskun lauk störfum og skilaði greinargerð. Styrkir fengust frá Endurmenntunarsjóði grunnskóla til að halda þrjú námskeið um lestur og læsi fyrir kennara í grunnskólum. Fjórir skólar hófu þátttöku í *Byrjendalæsi* sem er starfsþróunarverkefni fyrir kennara í

Tafla 4.1.
Kennsla á sjúkrahúsum 1998 - 2008

	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008
Fjöldi nemenda	286	215	224	187	157	186	208	191	249	250	240
Kennsludagar	1395	1805	1177	824	824	1216	1231	1157	1340	1216	1241
Kennslud. á nemanda	4,9	8,4	5,3	5,2	5,2	6,5	5,9	6,1	5,4	4,9	5,1

Tafla 4.2

Framhaldsskólaáfangar í grunnskóla vorið 2008

Skóli	Framhaldsskóli	Áfangar vorið 2008	Fjöldi nemenda
Austurbæjarskóli	MH	Stæ103.	26
Árbæjarskóli	FÁ, BHS	Ens103, stæ103, þýs103, bók103	92
Austurbæjarskóli	FÁ, MH	Stæ103, dan103, ens103, 203, saga103, töl121, 221, 141	20
Borgaskóli	BHS, FÁ, FTÍ	Stæ102, 103, 122, ens103, málmsmiði, vél- & skiptstjóraréttindi	17
Breiðholtsskóli	FB, BHS, FTÍ	Ens102, stæ102, málmsmiði, vél- & skiptstjóraréttindi	37
Fellaskóli	VÍ	Stæ103, dan103, ens103	1
Foldaskóli	BHS, FTÍ	Ens103, stæ103, vél- & skiptstjóraréttindi	9
Hagaskóli	VÍ, MH	Stæ103, 203, 303, ísl103	30
Hamraskóli	BHS, FÁ, VMA	Stæ122, ens303, nor203, msg172	22
Háteigsskóli	FÁ, VMA	Dan203, ísl103, stæ103, 203, þýs103, fra303	6
Hlíðaskóli	FÁ	Dan203, ens203, 303	11
Hólabrekkuskóli	FB	Spæ103, stæ102	18
Húsaskóli	BHS	Ens102, msg 172, stæ102	13
Hvassaleitisskóli	FÁ, MH, VÍ	Stæ103, 203, ens103, fra203, 303, þýs203	8
Ingunnarskóli	FÁ, VÍ	Stæ103, ens103	6
Klébergsskóli	BHS	Málmsmiðaval	5
Korpuskóli	BHS, FÁ	Ens103, stæ103, náttúrufræði113, spæ103, þýs103, félags- og uppeldisfræði	19
Langholtsskóli	FÁ, VÍ, FB	Dan103, 203, ens103, 203, ísl103, 104, bók103, stæ103, töl102, vél101	19
Laugalækjarskóli	FÁ, VÍ	Dan203, ens203, 303, 503, ísl103, sag103, stæ203, þýs103	13
Réttarholtsskóli	BHS, FÁ	Dan103, 203, msg172, stæ203	13
Rimaskóli	BHS, FÁ	Ens, félags- og þjónustusvið, málmsmiði, stæ, fjarnám	41
Víkurskóli	BHS, FÁ	Ens103, 203, msg172, stæ103, vélritun101, wordtöl121	34
Vogaskóli	FÁ	Ens102, stæ102	7
Ölduselsskóli	VMA	Dan102, 202, ens103, 203, heimsp103, nors103, 203	21
Samtals			462

ýngstu bekkjum grunnskóla og er í umsjón Skólaþróunarviðs Háskólans á Akureyri. Undirritaður var samningur við Rannsóknarstofu um mál og læsi við Menntavísindasvið Háskóla Íslands um rannsóknir og skólaþróun á sviði málþroska og læsis. Haldið var áfram með sameiginlegan faglegan vettvang Menntasviðs og Leikskólasviðs; *Brú*.

Skóli án aðgreiningar – jöfn tækifæri til náms

Grunnskólar Reykjavíkur störfuðu samkvæmt stefnu borgarinnar og nýjum grunnskólalögum um skóla án aðgreiningar sem menntar alla nemendur sína, óháð atgervi þeirra og

stöðu. Foreldrar eiga val um skóla fyrir börn sín. Foreldrar fatlaðra barna geta sótt um skólavist í sérdeild eða sérskóla fyrir börn sín.

Til skólanna var úthlutað fjármagni til sérkennslu, annars vegar vegna nemenda með almenna og sértæka námserfiðleika og hins vegar vegna mikið fatlaðra nemenda og þeirra sem hafa mikla sérkennsluþörf.

Menntasvið stóð fyrir málþingi um móttöku nemenda af erlendum uppruna í samvinnu við þjónustumiðstöðvar, Rauða kross Íslands og Leikskólasvið.

Handbók: Móttaka innflytjenda í grunnskóla Reykjavíkur var gefin út

í prentuðu formi og á heimasíðu. Þar er birt tillaga að móttökuáætlun nemenda af erlendum uppruna sem hefja nám við grunnskóla borgarinnar.

Menntasvið, í samstarfi við Menntavísindasvið Háskóla Íslands, stóð fyrir eins árs starfstengdu námskeiði í jafnréttisfræðslu fyrir kennara borgarinnar.

Starfshópur um sérfræðiþjónustu við grunnskóla aflaði upplýsinga og gerði yfirlit yfir þjónustuna og skilaði tillögum að skipulagi og inntaki í skýrslu hópsins meðal annars með hliðsjón af úttekt á atferlisvanda nemenda. Starfshópur um tilhögun kennslu nemenda með þroskahömlun í grunnskólum Reykjavíkur var enn að

Tafla 4.3

Framhaldsskólaáfangar í grunnskóla haustið 2008

Skóli	Framhaldsskóli	Áfangar haustið 2008	Fjöldi nemenda
Álftamýrarskóli	FÁ og VÍ	Dan 103, þýs 103, stæ 102	4
Austurbæjarskóli	FÁ og MH	Ens 103, ísl. 103, fra 103, 203, stæ103	10
Árbæjarskóli	FÁ	Þýs103, dan103, 203, sag103	78
Borgaskóli	FÁ, BHS, FTÍ	Stæ102, 103, ens103, þýs403, vél- & skiptstjóraréttindi	23
Breiðholtsskóli	FÁ, VÍ, FB	Ens103, dan103, ens102, stæ102	21
Engjaskóli	BHS	Ens103, stæ103, málmsmíði	8
Fellaskóli	VÍ	Ens103, stæ103	12
Foldaskóli	FÁ, BHS	Ens103, stæ103, dan103, málmsmíði	10
Hagaskóli	FÁ, VÍ	Stæ103, ens103, dan102, 103, spæ103, ísl103	20
Hamraskóli	FÁ, BHS	Ens103, stæ103, málmsmíði, félags- og uppeldisfræði	14
Laugalækjarskóli	VÍ, FÁ	Ens103, dan103, þýs203, 503,	17
Háteigsskóli	FÁ	Fra103, þýs203, stæ103	3
Vogaskóli	FÁ	Stæ102, ens102	8
Víkurskóli	FÁ, BHS	Ens103, stæ103, M172, málmsmíði, félags- og uppeldisfræði, ens103, dan103, fran103, íþróttافر102, vélritun102, þýs103, utn102, spæ103	60
Seljaskóli	FÁ	Ens103, stæ103, dan103	16
Rimaskóli	FÁ, BHS	Ens103, félags- og uppeldisfræði, ýmis námskeið, málmtækni, stæ103	55
Réttarholtsskóli	FÁ	Dan103, 303, ens103, 503, stæ103, fram303	29
Norðlingaskóli	VMA	ens103	2
Samtals			390

störfum í lok árs. Verkefni hópsins var að koma með tillögur til að tryggja nemendum með þroskahömlun í grunnskólum Reykjavíkur, vandað námstilboð í almennum bekk, í sérhæfðri sérdeild og í sérskóla og að skilgreina og styrkja ráðgjafahlutverk sérskóla.

Fagleg umsjón með kennslu nemenda sem liggja þurftu um tíma á sjúkrahúsi á árinu 2008 var í höndum Austurbæjarskóla. Nemendur sem fengu þess þjónustu voru á 240 árinu og af öllu landinu Heildarfjöldi kennsludaga fyrir þessa nemendur var 1.241 og meðalfjöldi kennsludaga á nemanda 5,1. Brúarskóli sá um kennslu nemenda sem voru á barna- og unglingageðdeild Landspítalans eða í greiningu á Stuðlum vegna fíkniefnaneyslu.

Jákvæð sjálfsmynd – góð líðan

Starfshópur um að móta og innleiða viðmið um jákvæða sjálfsmynd og félagsfærni nemenda lauk störfum og skilaði niðurstöðum. Ný viðmið verða innleidd á árinu 2009. Heilsárs námskeið um jafnréttisfræðslu var haldið í samstarfi við Menntavísindasvið HÍ. Starfshópur um samkynhneigð og samfélag hélt málþing fyrir námsráðgjafa og skólahjúkrunarfræðinga í samstarfi við Samtökin 78. Unnið var að innleiðingu handbókar fyrir skólamötuneyti.

Náin tengsl skóla, foreldra og samfélags

Í framhaldi af nýjum lögum um grunnskóla endurvann Menntasvið, í samstarfi við Þjónustumiðstöðina í Breiðholti og SAMFOK, bæklinginn *Stoðir í skólastarfi*. Þar er gerð grein fyrir skólaráðum, foreldrafélögum og samstarfinu um hvert einstakt barn. Í samstarfi við þjónustumiðstöðvarnar var bæklingurinn sérstaklega kynntur fyrir skólastjórnendum. Honum var dreift eftir áramótin til foreldra nemenda í 1. bekk.

Skólastjórafélag Reykjavíkur, Kennarafélag Reykjavíkur, SAMFOK, þjónustumiðstöðvar borgarinnar og Menntasvið Reykjavíkurborgar stóðu saman að samtals 10 fræðslu- og umræðufundum í hverfunum fyrir öll skólaráð borgarinnar.

Hugmyndabanki um samstarfsverkefni leik- og grunnskóla í grenndarsamfélaginu var settur saman og birtur á heimsíðu sviðanna. Þá var haldið málþing í apríl um aukna

samfellu í skóla- og frístundastarfi barna, í samvinnu við þjónustumiðstöðvar, ÍTR og tónlistarskóla. Viðmiðunarreglur um foreldraráð voru endurskoðaðar í samstarfi við SAMFOK (Samtök foreldrafélaga og foreldraráða). Rafræn upplýsingamiðlun til foreldra um skólastarfið og einstök börn var bætt til muna.



Eins og undanfarin ár hefur grunnskólanemendum staðið til boða að ljúka framhaldsskólaáfangi, hvort heldur er í fjarnámi eða í staðbundnum lotum. Á árinu 2008 luku 852 nemendur framhaldsskólaáfangi, 462 á vorönn og 390 á haustönn. Flestir stunduðu námið í Fjölbrautaskólanum við Ármúla.

Til ráðgjafa um samstarf foreldra og grunnskóla bárust 130 mál á árinu. Flest þeirra kröfðust íhlutunar og var unnið úr þeim í samstarfi við skóla og þjónustumiðstöðvar sem í hlut áttu.

Starfshópur um tilhögun og fyrirkomulag kennslu nemenda með félags- og tilfinningalegar raskanir og hegðunarraskanir lauk störfum að vori og skilaði tillögum sínum til menntaráðs í júní 2008. Í framhaldi af því var sett á laggirnar verkefnisstjórn með það hlutverk að útfæra tillögur hópsins.



Sjálfstæði skóla – gæði og fagmennska

Unnið var með Framkvæmda- og eignasviði Reykjavíkurborgar að endurgerð skólalóða í samræmi við áætlun. Samræmt innheimtufæri fyrir mótuneyti grunnskóla var tekið í notkun. Námskeið fyrir alla skólastjórnendur *Skólastjórinn sem leiðtogi*, var haldið undir leiðsögn Dave Andersons og starfsfólks Menntasviðs. Ráðnir voru farkennarar við tungumálaver Laugalækjarskóla til að efla móðurmálskennslu barna sem læra íslensku sem annað tungumál.

Kannanir og rannsóknir

Eins og undanfarin ár var lesskimunin Læsi lögð fyrir í nemendum í 2. bekk í öllum grunnskólum borgarinnar og *Talnalykill* fyrir nemendum 3. bekkjar í 24 grunnskólum. Hlutfall nemenda í 2. bekk sem gátu lesið sér til gagns breyttist lítillega á milli ára, fór úr 66% í 67%. Um 7% nemenda í 3. bekk þurftu á sérstuðningi í stærðfræði að halda, samkvæmt niðurstöðum *Talnalykils*, og er það svipað hlutfall og árið 2007 þegar það var 8%.

Á árinu var töluvert unnið að minni úttekta og mati, s.s. á Skólaselinu í Keilufelli, Táknmálssviði Hlíðaskóla, aðstæðum og úrræðum fyrir nemendur með lestrarörðugleika og undirbúningur hófst að mati á Tungumálaveri.

Stærsta einstaka verkefnið sem unnið var að á árinu var könnun á viðhorfum foreldra grunnskólanemenda. Fyrirlögn var að vori og kom heildarskýrsla út í ágúst. Skólaskýrslur komu út í september en alls tóku 3.217 foreldrar þátt í könnuninni eða um 71% þeirra sem leitað var til. Á árinu var gerð viðhorfskönnun meðal starfsmanna í öllum grunnskólum og komu starfsmenn tölfraði- og rannsóknþjónustu og starfsmanna-

þjónustu að undirbúningi ásamt kynningu og eftirfylgni. Þetta var í fjórða sinn að slík viðhorfskönnun var gerð, en hún var fyrst lögð fyrir árið 2005.

Samráð

Í samráði skólastjóra og skrifstofu Menntasviðs sitja oddvitar skólastjóra í borgarhlutum og formaður Skólafélags Reykjavíkur, ásamt fræðslustjóra, aðstoðarmanni hans, mannauðsstjóra og skrifstofustjóra grunnskólaskrifstofu. Alls voru haldnir 10 samráðsfundir á árinu og auk þessa sótti fræðslustjóri í febrúar fundi skólastjóra í öllum borgarhlutum.

Markmið samráðs er að tengja saman yfirstjórn skólanna og skólastjórana í hverfunum í þeim tilgangi að efla samstarf og upplýsingamiðlun. Samráðið er vettvangur skólastjóra til að koma á framfæri við fræðslustjóra athugasemdam og ábendingum úr samráði skólastjóra innan hvers hverfis og vettvangur skrifstofu Menntasviðs til að koma á framfæri upplýsingum og fá viðbrögð á mál. Jafnframt er þetta vettvangur umræðu sem eru eftir á baugi hverju sinni varðandi skólamál og snýst um


upplýsingamiðlun og samráð en ekki ákvarðanatöku. Ráðið tók til starfa að frumkvæði fræðslustjóra á árinu 1996 og hefur starfað óslitið síðan.

Jónína Ó. Emilsdóttir, skólastjóri Vogaskóla, var formaður Skólafélags Reykjavíkur í upphafi skólaárs, en Hreiðar Sigtryggsson, skólastjóri Langholtsskóla, leysti hana síðar af hólmi.

Fulltrúar félagsins sátu í mörgum nefndum og starfshópum á vegum menntaráðs, s.s. í úthlutunarnefnd styrkja til nýbreytni- og þróunarverkefna, úthlutunarnefnd íslenskuverðlauna, undirbúningsnefnd fyrir *Öskudagsráðstefnuna 2009*, starfshópi um samstarf ÍTR um frístundaheimili og í vinnuhópi um málefni barna af erlendum uppruna. Þá voru fulltrúar skólastjóra í starfshópum um sérfræðiþjónustu grunnskóla, tilhögun kennslu þroskahamlaðra nemenda, vinnulag vegna nemenda með mikla félags- og samskiptaerfiðleika og í starfshópi um bættu hegðun og samskipti í skólum. Einnig tóku þeir þátt í starfshópum um jafnréttisfræðslu, málþroska og læsi og sjálfsmynd og félagsfærni nemenda og áttu fulltrúa í fagraði um skólamótuneyti.

Mynd 4.1

Hlutfall nemenda í 2. bekk sem gátu lesið sér til gagns 2001-2008



5

Tónlistarnám og fullorðinsfræðsla

Reykjavíkurborg rak á árinu fjórar skólahljómsveitir og einn tónlistarskóla, Tónlistarskólann á Klébergi, ásamt því að veita reglubundin fjárframlög til 18 tónlistarskóla sem reknir voru af einkaaðilum.

Skólahljómsveitir

Skólahljómsveitirnar fjórar starfa í Vesturbæ-Miðbæ, Austurbæ, Árbæ-Breiðholti og Grafarvogi. Meginmarkmið þeirra er að jafna tækifæri nemenda til tónlistarnáms og stuðla að aukinni hæfni þeirra til að flytja og skapa tónlist, svo og að njóta hennar.


415 nemendur stunduðu nám í skólahljómsveitum haustið 2008, starfsmenn voru 48 í rúmlega 20 stöðugildum, þar af 4 stjórnendur.

Á starfsárinu komu skólahljómsveitirnar fram við fjölmörg tækifæri sem flest tengdust viðburðum í þeirra borgarhluta, meðal annars á vor- og hausthátíðum grunnskólanna og jólaskemmtunum ásamt því að halda

tónleika. Þá tóku allar C og D sveitirnar þátt í landsmóti skólahljómsveita í Reykjanesbæ.

Á vormisseri var gefinn út kynningarbæklingur um sveitirnar sem dreift var til allra grunnskólanema í 2., 3. og 4. bekk. Hljóðfærakynningar voru í nokkrum grunnskólum. Árgjald í skólahljómsveitir skólaárið 2008-2009 var 18.000 kr. í grunnnámi og 30.000 kr. í miðnámi. Gjald fyrir hljóðfæraleigu var 5.800 kr.

Stjórnendur skólahljómsveita tóku allir þátt í TTT námskeiði á vegum Menntasviðs. Meginmarkmið námskeiðsins TTT „Tími til að tengjast“ er að bæta árangur og efla skólasamfélagið með virku samstarfi stjórnenda. Allir skólastjórnendur hjá Reykjavíkurborg tóku einnig þátt í námskeiðinu.



Tónlistarskólar

Alls hlutu 18 sjálfstætt starfandi tónlistarskólar föst rekstrarframlög frá borginni á árinu 2008. Þjónustusamningar við tónlistarskóla voru í apríl 2008 framlengdir til eins árs.

Upplýsingar um fjárframlög borgarinnar til tónlistarskóla, samstarfsverkefnis grunn- og tónlistarskóla og greiðslur með nemendum í tónlistarnámi í öðrum sveitarfélögum á árinu 2008 er að finna í 7. kafla. Nemendur tónlistarskólanna voru 4.566 á öllum aldri og nutu þar af 3.240 styrkja frá Reykjavíkurborg, að meðtöldum reykvískum nemendum í tónlistarskólum í öðrum sveitarfélögum sem borgin greiðir framlög með.


Tónlistarskólar, sem eru með þjónustusamninga við Reykjavíkurborg, starfa eftir aðalnámskrá tónlistarskóla sem gefin er út af menntamálaráðuneytinu. Langflestir nemendur stunda grunnnám eða alls um 2.350.

Námsflokkar Reykjavíkur

Á árinu 2007 flutti öll starfsemi Námsflokkanna í skrifstofu- og kennsluhúsnæði að Þönglabakka 4 í Mjódd. Meginverkefni Námsflokkananna var að sjá um fræðslubátt starfsendurhæfingarverkefna Velferðarsviðs og Tryggingarstofnunar, en þau kallast *Kvennasmiðjur*, *Karlasmiðjur* og *Grettistak*. Rúmlega 90 nemendur stunduðu nám í þessum verkefnum á árinu, hvert þeirra stendur yfir í eitt og hálft ár. Áhersla var lögð á sjálfstyrkingu, lífsleikni og skapandi og hagnýtar greinar. Nemendur fengu einnig náms- og starfsráðgjöf sem auðveldar þeim frekara nám eða að fá nýtt starf.

Mynd 5.1.

Fjárframlög borgarinnar til tónlistaskóla



Í október hófst fjögurra mánaða átaksverkefni í náms- og starfsfræðslu ætluð ungu fólki á aldrinum 16–18 ára. Verkefnið hlaut nafnið *Starfs-Kraftur*. Nemendur í *Starfs-Krafti* voru 15 talsins og komust færri að en vildu.

Þrír náms- og starfsráðgjafar störfuðu á þjónustumiðstöðvum borgarinnar á árinu, en þjónusta þeirra stendur öllum borgarbúum eldri en sextán ára til boða án endurgjalds. Þeir veittu persónulega ráðgjöf, meðal annars um námsval og leiðir til að fjármagna

nám, en voru líka í náinni samvinnu við annað fagfólk á þjónustumiðstöðvunum við lausn ýmissa vandamála.

Námsver í íslensku, ensku og stærðfræði voru opin almenningi, sextán ára og eldri, en þar er kennt námsefni 8.-10. bekkjar grunnskóla, auk þess sem áhersla er lögð á námstækni og markviss vinnubrögð. Kennir er á einstaklingsmiðaðan hátt og reynt að koma til móts við þarfir hvers og eins. Um 60 nemendur stunduðu nám í námsverunum.

Þá hvílir sú skylda á Námsflokkum Reykjavíkur að annast útgáfu námsvottorða vegna náms í Námsflokkunum frá upphafi sé eftir því leitað.

Að auki greiddu Námsflokkarnir niður íslenskunám um 900 innflytjenda sem stunduðu nám hjá Mími-símenntun.

6

Verðlaun og styrkir

Barnabókaverðlaun

Barnabókaverðlaun menntaráðs voru afhent í 36. sinn á síðasta degi vetrar og hlaut Bryndís Guðmundsdóttir verðlaun fyrir bestu frumsömdu bókina, *Einstök mamma*, sem myndskreytt er af Margréti E. Laxness. Verðlaun fyrir bestu þýðingu barnabókar fékk Magnús Ásmundsson fyrir þýðingu á sögunni *Dansar Elías?* eftur sænsku skáldkonuna Katarínu Kieri. Úthlutunarnefndin var að þessu sinni skipuð Felix Bergssyni, sem var formaður, Guðrúnu Pálínu Ólafsdóttur og Lilju Margréti Möller.



Barnabókaverðlaun menntaráðs



Handhafar hvatningarverðlauna



Handhafar nemendaverðlauna

Nemendaverðlaun og hvatningarverðlaun

Nemendaverðlaun og hvatningarverðlaun menntaráðs voru afhent við fjölmenna og hátíðlega athöfn í Ráðhúsi Reykjavíkur á Sjómannadegi. Alls fengu 29 grunnskólanemar og 6 grunnskólar viðurkenningu og var þetta í sjötta sinn sem verðlaunin voru afhent. Nemendur í Hagaskóla skemmtu gestum með leik- og söngatriði, en þeir fluttu þrjú lög úr söngleiknum *Bugsy Malone*.

Þrír grunnskólar hlutu hvatningarverðlaun menntaráðs fyrir nýbreytni- og þróunarstarf og fengu þeir af því tilefni afhent myndverk eftir Stellu Sigurgeirsdóttur sem ber nafnið *Sprotar*.

Skólarnir voru:

- Borgaskóli fyrir verkefnið *Orka í norðri*
- Laugalækjarskóli fyrir *Þverfaglegt verkefni í 10. bekk*
- Víkurskóli fyrir verkefnið *Einstaklingsmiðuð skólabyrjun*.

Viðurkenningar menntaráðs fengu:

- Laugarnesskóli fyrir verkefnið *Útielldhús*
- Norðlingaskóli hlaut tvær viðurkenningar, annars vegar fyrir verkefnið *Áhugasvið* og hins vegar fyrir verkefnið *Smiðjur í skólastarfi*.

Nemendaverðlaun voru afhent 29 grunnskólanemum, sem tilnefndir voru af sínum skólum. Markmið verðlaunanna er að hvetja nemendur á öllum aldri til að leggja sig fram í námi, félagsstarfi og listum. Allir sem hlutu verðlaunin fengu bókina *Dansar Elías?* eftir sænsku skáldkonuna Katarínu Kieri. Þýðandi bókarinnar, Magnús Ásmundsson, hlaut á vordögum barnabókaverðlaun menntaráðs.

Nemendaverðlaun menntaráðs 2008

Elín Broddadóttir í 10. bekk Austurbæjarskóla.

Kári Sigurðsson í 10. bekk Álfamýrarskóla.

Ingibjörg Erla Þórhallsdóttir í 10. bekk Árbæjarskóla.

Agnes Guðlaugsdóttir í 5. bekk Borgaskóla.

Daníel Finnbogason í 10. bekk Breiðholtsskóla.

Sigtryggur Hauksson í 10. bekk Engjaskóla.

Sebastian Jeczelewski í 9. bekk Fellaskóla.

Ásdís Guttormsdóttir í 10. bekk Foldaskóla.

Stefán Finnbogason í 10. bekk Hagaskóla.

Haukur Helgi Pálsson í 10. bekk Hamraskóla.

Sunna Mjöll Sverrisdóttir í 10. bekk Háteigsskóla.

Fritz Hendrik Berndsen í 9. bekk Hlíðaskóla.

Bergljót Pétursdóttir í 10. bekk Hólabrekkuskóla.

Þóra Margrét Bergsveinsdóttir í 10. bekk Húsaskóla.

Sigríður Ingibjörg Jónsdóttir í 10. bekk Ingunnarskóla.

Ívar Orri Kristinsson í 2. bekk Klébergsskóla.

Sara Sigurðardóttir í 9. bekk Korpuskóla.

Guðríður Jóhannsdóttir í 10. bekk Laugalækjarskóla.

Steiney Sigurðardóttir í 6. bekk Laugarnesskóla.

Pétur Gunnarsson í 7. bekk Melaskóla.

Vignir Gunnar Hauksson í 10. bekk Rimaskóla.

Sólveig Bjarnadóttir í 7. bekk Selásskóla.

Katrín Ásmundsdóttir í 10. bekk Seljaskóla.

Guðrún Valmundsdóttir í 4. bekk Sæmundarskóla.

Arnar Freyr Bjarnason í 8. bekk Tjarnarskóla.

Helena Rut Jónsdóttir í 10. bekk Víkurskóla.

Hjalti Sigurður Karlsson í 9. bekk Vogaskóla.

Ewa Katarzyna Warzycha í 7. bekk Ölduselsskóla.

Sólveig Þóra Jóhannesdóttir í 10. bekk Öskjuhlíðarskóla.

Tafla 6.1.

Almennir styrkir menntaráðs 2008

Styrkþegi	Verkefni	Fjárhæð
Auður Huld Kristjánsdóttir	Veita grunnskólanemendum í 3., 6., 7. og 9. bekk tækifæri til að nota dagblöð í námi	200.000
Bandalag íslenskra listamanna	Litróf listanna	1.000.000
Blátt áfram	Forvarnarátak fyrir kennara og starfsfólk stofnana sem vinna með börnum	300.000
Fjölbautaskólinn í Breiðholti	Stærðfræðikeppni grunnskólanemenda í 8., 9. og 10. bekk í grunnskólum í Breiðholti	250.000
Fríða Vala Ásbjörnsdóttir	Heimabyggðin mín	150.000
Hjálmar G. Sigmarsson	Jafnréttisfræðsla í leik- og grunnskólum	300.000
Icefitness	Skólahreysti	500.000
Jafnréttisstofa	Hönnun vefsíðu um jafnréttisfræðslu sem nota má í skólastarfi. Hvetja til tilraunaverkefna í jafnréttismálum	500.000
Kennaraháskóli Íslands	Myndaraðirnar Upplýsingatækni í leik- og grunnskóla sem unnar eru í tengslum við NámsUst á notkun upplýsingatækni á öllum skólastigum	200.000
Kennaraháskóli Íslands	Lífstíll 7 - 9 ára barna, tilraunarannsókn til bættrar heilsu	1.000.000
Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna	Eldvarnavika í grunnskólum	600.000
Myndlistaskólinn í Reykjavík	Listbúðir í Myndlistaskóla	2.000.000
Nýsköpunarkeppni grunnskólanema	Nýsköpunarkeppni grunnskólanemenda	500.000
Samtökin '78	Samkynhneigð og samfélag	1.700.000
Slysavarnarfélagið Landsbjörg	Fyrirlestrar í 10. bekk grunnskóla Reykjavíkur um umferðaröryggismál	300.000
Vísindavefurinn	Efla áhuga barna á vísindum og fræðum og kynna fyrir þeim Vísindavefinn	900.000
Samtals:		10.400.000

Þjónustusamningar - samstarfssamningar

Skógræktarfélag o.fl.	Lesið í skógin - grenndarskógar	500.000
Samfok	Byggja upp tengsl foreldra og skóla	5.700.000
Íþróttafélag fatlaðra í Reykjavík	Sundkennsla fatlaðra, misþroska, ofvirkra og einhverfra grunnskólabarna.	800.000
Myndlistaskólinn í Reykjavík	Til að styrkja og efla myndlistarnám grunnskólanemenda í Reykjavík	13.800.000
Tónmenntavefurinn	Vefstudd tónlistar- og tónmenntakennsla	500.000
Samtals:		21.300.000

Afmælistyrkir grunnskóla 2008

Skólahljómsveit Árbæjar og Breiðholts	40 ára afmæli hljómsveitarinnar	250.000
Afmælistyrkir og aðrir styrkir grunnskóla 2008		750.000
Samtals:		1.000.000
Alls:		32.700.000

Kvikmyndahátíð grunnskólanna – Taka 2008

Kvikmyndahátíðin *Taka* hefur verið haldin árlega frá 1981 og verið vettvangur skapandi kvikmyndagerðar og myndtjáningar. Margir fremstu kvikmyndagerðarmenn þjóðarinnar

hafa þar þeytt frumraun sína. Myndver grunnskólanna í Hvassa-leitisskóla er miðstöð skapandi kvikmyndagerðar meðal yngstu borgarbúanna. Þar fer fram kennsla í handritsgerð, myndatökum og myndvinnslu. Verðlaun voru veitt í

tveimur aldursflokkum og þremur efnisflokkum á kvikmyndahátíð grunnskólanna sem haldin var í Kringlubíói 22. maí. Einnig voru veitt verðlaun fyrir góðan leik, tæknivinnslu og klippingu.

Íslenskuverðlaun

Íslenskuverðlaun menntaráðs Reykjavíkurborgar voru afhent öðru sinni á degi íslenskrar tungu, 16. nóvember. Rúmlega eitt hundrað nemendur í grunnskólum Reykjavíkur fengu verðlaun að þessu sinni, þar af rúmlega 50 einstaklingar og 8 hópar.

Tafla 6.2

Styrkir úr Þróunarsjóði tónlistarskóla Reykjavíkur 2008

Allegro Suzuki-tónlistarskóli	Suzuki-kennsla ungra barna (0-3 ára)	500.000
Jón Aðalsteinn Þorgeirsson	Íslensk sönglög fyrir nemendur blásturshljóðfæra	800.000
Lárus Halldór Grímsson	Nýsköpun fyrir tónlistarnemendur í skólahljómsv.	800.000
Skólahljómsveit Austurbæjar	Dýralög í flutningi blásara	800.000
Sophie Marie Schoojans	Notkun Kantele í forskólakennslu í grunnskólum Vesturbæjar	500.000
Söngskóli Sigurðar Demetz	Óperukynning fyrir grunnskóla	250.000
Tónlistarskóli FÍH	Handbók um spunatónlist	750.000
Tónskóli Björgvins Þ. Valdimarssonar	Söngur og hljóðfæraleikur. Samvinnuverkefni grunn- og tónlistarskóla	800.000
Tónskóli Sigursveins D. Kristinssonar	Sinfóníuhljómsveit tónlistarskólanna og hljómsveitarnámskeið	440.000
Tónskólinn DoReMi	Dúettabók með íslenskum lögum fyrir píanó	750.000
Vadim Fedorov	Kennslubók í harmonikuleik fyrir byrjendur	750.000
Samtals:		7.140.000



Tafla 6.2.

Styrkveitingar úr Þróunarsjóði menntaráðs Reykjavíkur 2008

Styrkþegi	Heiti verkefnis	Fjárhæð
Austurbæjarskóli	Móðurskóli: Fjölmennningarlegur skóli	600.000
Austurbæjarskóli	Fjölmennningarleg vorhátíð Austurbæjarskóla	250.000
Álftamýrarskóli	Ég í nýjum skóla	1.250.000
Álftamýrarskóli	Heimasíða námsvers	250.000
Álftamýrarskóli	Hjólum og verum klár í umferðinni	200.000
Álftamýrarskóli	Notkun Blackboard í skólustarfi	1.250.000
Ártúnsskóli	Engin heilsa án geðheilsu, allir hafa geðheilsu	700.000
Ártúnsskóli	Áhrif sandleiks og sögugerðar á sjálfsmynd, líðan og þroska barna	500.000
Breiðholtsskóli	Markviss notkun fjölþátta lesskilningsaðferða	1.250.000
Engjaskóli	Sértæk aðstaða til kennslu í ljósmyndun og myndbandagerð	300.000
Fellaskóli	Foreldranámskeið fyrir erlenda foreldra	300.000
Grandaskóli	Lesið í skóginn	300.000
Háteigsskóli	SNÍGL, Skapandi nám í gegnum leiklist	800.000
Háteigsskóli	Myndraen leiklist; samþætting myndlistar og leiklistar	250.000
Ingunnarskóli og Norðlingaskóli	Móðurskólar í uppbyggingu einstaklingsmiðaðs námsmats	1.350.000
Langholtsskóli	Útikennsla í túnfætinum	500.000
Laugalakjarskóli	Þróun vinnubragða fyrir verklegar efnafræðitilaunir	400.000
Laugarnesskóli	Stöðvavinna í Laugarnesskóla	250.000
Myndlistaskólinn í Reykjavík	Listbúðir í Myndlistaskóla	1.500.000
Norðlingaskóli	Leikum og lærum í Norðlingaholti	500.000
Norðlingaskóli	Smiðjur í Norðlingaskóla	1.250.000
Rimaskóli	Vísindadagur Rimaskóla 2008	350.000
Rimaskóli	Kokkakeppni Grunnskóla Reykjavíkur	600.000
Selásskóli	Þekktu umhverfi þitt. Umhverfismennt í Selásskóla	1.250.000
Seljaskóli	Tengjum huga og hönd í eðlis- og efnafræðinámi grunnskólanema	1.100.000
Sæmundarskóli	Útikennsla og heilbrigði í Sæmundarskóla	650.000
Sæmundarskóli	Einstaklingsmiðað nám - þróun þrepaskiptra námssvæða	250.000
Víkurskóli	Einstaklingsmiðað skólabyrjun. Samstarf leik- og grunnskóla	500.000
Öskjuhlíðarskóli	Lesum saman af hjartans list	750.000
Samtals:		18.800.000

Mikil hátíðarstemning og húsfyllir var í Ráðhúsi Reykjavíkur við afhendingu verðlaunanna, en þangað mættu nemendur ásamt foreldrum sínum, kennurum og skólastjórnendum. Vigdís Finnbogadóttir, fyrrverandi forseti og verndari verðlaunanna tók þátt í afhendingu þeirra ásamt Kjartani Magnússyni, formanni menntaráðs. Markmiðið með íslenskuverðlaununum er að auka áhuga grunnskólanema á íslenskri tungu og hvetja þá til framfara í töluðu og rituðu máli.

Styrkir

Júlíus Vífill Ingvarsson, formaður menntaráðs, afhenti í apríl 70 styrki menntaráðs til þróunarstarfs í grunnskólum og tónlistarskólum borgarinnar og voru styrkir veittir til 19 grunnskóla og 11 tónlistarskóla.

Hæsti þróunarstyrkurinn kom í hlut Myndlistarskólans í Reykjavík, eða 1,5 milljón króna, til að setja á laggir listbúðir fyrir grunnskólanema. Þá fengu Norðlingaskóli og Ingunnarskóli 1.350 milljón króna til þriggja ára móðurskólaverkefnis sem miðar að því að þróa einstaklingsmiðað námsmat. Fimm skólar fengu 1.250 milljón króna styrk hver, þar á meðal voru Selásskóli sem fékk styrk til umhverfismenntunar og Álftamýrarskóli sem hlaut styrk til að styðja erlend börn í aðlögun í grunnskóla.

Styrkir til þróunarstarfs í tónlistar-kennslu námu rösklega sjö milljónum króna. Formaður menntaráðs kvað styrkina endurspegla mikla grósku í skólustarfi í borginni, ekki síst í þróun einstaklingsmiðaðs náms og á sviði umhverfismenntunar, fjölmennningar og tónlistaruppeldis, en aldrei fyrr hafi styrkir til þróunarstarfs í tónlistar-kennslu verið jafn háir.

7

Ársreikningur 2008

Upphaflegur fjárhagsrammi Menntasviðs Reykjavíkurborgar fyrir árið 2008 var 16.125 m.kr., en hækkaði í 16.830 m.kr. á árinu eða um 704 m.kr. Hækkunin skýrist einkum af breytingum á launum í tengslum við nýja kjarasamninga við Kennarasamband Íslands og hækkun á fjárhagsramma þegar verðbólguforsendur voru endurskoðaðar.

Útgjöld voru um 18,32 milljarðar króna á árinu og tekjur um 1,76 milljarðar. Rekstrarniðurstaðan var því um 16,56 milljarðar eða 98,4% af fjárhagsramma ársins, sem var um 266 m.kr. undir fjárhagsramma sviðsins. Þegar búið er að taka tillit til eignfærslu á framlögum Reykja-

víkurborgar vegna bygginga á framhaldsskólum þá er sviðið rekið á áætlun.

Í heild var rekstrarniðurstaða sviðsins því mjög góð. Laun voru stærsti útgjaldaliðurinn, en hlutfall þeirra minnkaði þó eftir að innri leiga var gjaldfærð á skólana.

Í grunnskólunum vega launagjöld um 67% af heildargjöldum, en um 85% ef innri leiga er frátalin. Innri leiga vegur því mjög þungt í rekstri skólanna, eða um 21% af rekstrarkostnaði.

Almennir grunnskólar voru 2% yfir fjárhagsáætlun eða um 306 m. kr. Um 50% af almennum grunnskólum eru með +/- 1% frávik frá fjárhagsáætlun.

Umframkeyrsla skólanna liggur aðallega í öðrum kostnaði um 408 m.kr. en tekjur eru meiri en áætlun sem nemur um 133 m.kr. en laun eru um 31 m.kr. yfir áætlun. Hluti skýringarinnar á háum gjöldum í skólunum liggur í því að skólarnir hafa heimild til að flytja fjármagn milli liða t.d. ráða verktaka til að ræsta í stað þess að hafa fólk á launaskrá til að vinna þessi störf.

Rekstur sérskólanna var um 6% undir fjárheimildum ársins eða um 55 m.kr. Þar munaði mestu um að Brúarskóli náði ekki að fullmanna skólann en starfsemi hans er í endurskoðun og liggja fyrir tillögur stafshóps sem fela í sér að skólinn muni meðal annars flytja hluta af starfsemi sinnar út í hverfin og auka ráðgjöf og námskeiðshald, þar sem ráðgert er að Brúarskóli verði ráðgjafarmiðstöð vegna nemenda með alvarlegar hegðunartruflanir.

Miðlæg þjónusta og safnliðir eru um 235 m.kr. undir áætlun ársins. Meginskýringin liggur í því að framlag jöfnunarsjóðs vegna sérskóla er um 98 m.kr. hærri en áætlanir gerðu ráð fyrir.

Á þá kostnaðarþætti sem flokkast sem „annað“ er einungis búið að bóka 105 m.kr. á árinu 2008 eða um 30% af áætluðum kostnaði á tímabilinu. Hér munar mest um að í hlutdeild Menntasviðs í framlögum til bygginga framhaldsskóla hefur ekki verið bókaður neinn kostnaður á meðan áætlanir gerðu ráð fyrir um 267 m.kr. gjaldfærslu á tímabilinu. Skýringin liggur í því að búið er að eignfæra kostnað Reykjavíkurborgar vegna þessa og í framtíðinni er gert ráð fyrir að þessi kostnaður verði hér eftir eignfærður á Eignasjóð Reykjavíkurborgar.



Rekstur Menntasviðs 2008

	Kostn. st.	Tekjur	Laun og launat. gjöld	Annar rekstrar-kostn.	Rekstrar-niður-staða	Esk. áætlun tímabils	Frávik tímabils	Hlutf. af Esk. áætl. tímabils	Áætlun 2008	Rekstar-niðurst. 2007
Yfirstjórn menntasviðs:										
Menntaráð	M1001		13.147	1.850	14.997	12.054	(2.943)	124%	12.054	17.223
Fræðslumiðstöð	M1002			114	114		(114)			
Menntasv. aðalskrifst.	M1010	284	198.871	54.266	252.854	272.230	19.376	93%	265.496	231.451
MSV1		284	212.018	56.231	267.965	284.284	16.319	94%	277.550	248.674
Grunnskólar:										
Vesturbæjarskóli	M2101	18.001	199.238	104.119	285.356	279.002	(6.354)	102%	240.497	234.900
Grandaskóli	M2102	20.726	208.116	117.788	305.178	290.005	(15.173)	105%	277.107	277.748
Melaskóli	M2103	41.447	377.884	151.550	487.987	465.645	(22.342)	105%	401.892	417.208
Hagaskóli	M2104	29.630	312.466	164.399	447.235	442.160	(5.075)	101%	400.230	382.303
Austurbæjarskóli	M2105	13.670	386.415	161.902	534.647	509.148	(25.499)	105%	428.797	444.528
Hlíðaskóli	M2106	36.957	455.336	213.813	632.191	593.020	(39.171)	107%	520.392	523.993
Háteigsskóli	M2107	18.783	272.582	124.472	378.271	374.045	(4.226)	101%	322.677	314.175
Álftamýrarskóli	M2120	24.402	243.154	122.392	341.144	345.655	4.511	99%	311.441	292.038
Hvassaleitisskóli	M2121	3.446	173.012	108.157	277.723	275.101	(2.622)	101%	253.528	244.136
Breiðagerðisskóli	M2122	20.309	222.191	110.792	312.674	321.653	8.979	97%	284.805	281.698
Réttarholtsskóli	M2123	21.101	228.822	121.027	328.748	325.996	(2.752)	101%	296.369	287.419
Fossvogsskóli	M2124	17.018	201.781	99.001	283.764	282.816	(948)	100%	247.545	246.098
Vogaskóli	M2125	18.512	229.133	161.990	372.612	368.114	(4.498)	101%	333.078	298.632
Langholtsskóli	M2126	32.859	384.693	182.422	534.256	528.333	(5.923)	101%	464.185	466.026
Laugalækjarskóli	M2127	21.399	199.110	133.387	311.097	311.047	(50)	100%	278.705	262.055
Laugarnesskóli	M2128	25.283	249.604	132.730	357.051	356.407	(644)	100%	315.261	317.654
Breiðholtsskóli	M2140	24.432	371.868	151.417	498.854	492.794	(6.060)	101%	409.064	455.248
Ölduselsskóli	M2141	27.510	383.395	165.630	521.515	511.976	(9.539)	102%	434.103	444.001
Seljaskóli	M2142	36.555	430.340	144.574	538.358	530.100	(8.258)	102%	453.811	505.998
Fellaskóli	M2143	17.525	285.636	173.855	441.966	454.041	12.075	97%	388.319	391.395
Hólabrekhuskóli	M2144	20.438	360.707	186.341	526.610	494.637	(31.973)	106%	424.542	432.289
Selásskóli	M2145	18.313	197.423	128.616	307.726	300.867	(6.859)	102%	275.431	279.786
Árbæjarskóli	M2146	36.163	461.775	221.567	647.180	643.069	(4.111)	101%	573.703	573.975
Ártúnsskóli	M2147	11.116	123.372	56.664	168.920	169.075	155	100%	159.532	165.887
Norðlingaskóli	M2148	352	179.016	33.017	211.681	176.674	(35.007)	120%	139.920	133.803
Foldaskóli	M2160	20.399	298.302	171.104	449.007	448.029	(978)	100%	394.850	415.897
Húsaskóli	M2161	19.340	230.581	127.136	338.377	331.862	(6.515)	102%	303.796	301.650
Engjaskóli	M2162	13.421	224.414	134.353	345.346	323.759	(21.587)	107%	296.035	296.734
Rimaskóli	M2163	31.514	432.394	196.752	597.631	589.354	(8.277)	101%	516.306	528.009
Hamraskóli	M2164	11.366	234.680	120.845	344.159	336.589	(7.570)	102%	305.152	302.027
Borgaskóli	M2165	19.077	236.432	125.516	342.871	331.448	(11.423)	103%	296.208	303.843
Korpuskóli	M2166	17.655	174.024	83.867	240.237	232.623	(7.614)	103%	218.235	218.697
Víkurskóli	M2167	14.966	194.994	121.068	301.097	304.188	3.091	99%	257.657	248.297
Ingunnarskóli	M2168	27.832	301.219	152.735	426.122	413.800	(12.322)	103%	365.468	381.105
Sæmundarskóli	M2169	239	146.244	24.831	170.836	163.079	(7.757)	105%	138.025	126.849
Klébergsskóli	M2170	11.590	136.781	91.890	217.080	202.221	(14.859)	107%	183.651	182.261
MSV3		743.344	9.747.132	4.821.718	13.825.506	13.518.332	(307.174)	102%	11.910.317	11.978.362

Rekstur Menntasviðs 2008 frh.

	Kostn. st.	Tekjur	Laun og launat. gjöld	Annar rekstrar- kostn.	Rekstrar- niður- staða	Esk. áætlun tímabils	Frávik tímabils	Hlutf. af Esk. áætl. tímabils	Áætlun 2008	Rekstar- niðurst. 2007
Sérskólar:										
Öskjuhlíðarskóli	M2182	5.187	399.591	71.944	466.348	474.456	8.108	98%	439.470	421.208
Safamýrarskóli	M2183	38	100.843	29.748	130.552	140.482	9.929	93%	135.335	125.020
Brúarskóli	M2187	718	147.216	49.232	195.730	232.682	36.952	84%	221.134	177.579
Skóli Ísaks Jónssonar	M2190		12.386	(12.386)						
	MSV4	5.943	660.036	138.538	792.631	847.620	54.989	94%	795.939	723.807
Miðlæg þjónusta og safnliðir:										
Endurgreitt v. sérskóla	M2180	719.217			(719.217)	(621.365)	97.852	116%	(582.365)	(598.056)
Styrkir til einkaskóla	M2191			368.119	368.119	385.079	16.960	96%	385.079	316.530
Forföll	M2201					(32.430)	(32.430)	0%	95.411	
Endurúthlutun á haustönn o.fl.	M2202			2.732	2.732	34.948	32.216	8%	69.339	2.738
Sérkennsla	M2206	2.305	3.560	51.949	53.204	98.881	45.677	54%	638.000	15.128
Nýbúakennsla	M2207	7.847		4.944	(2.904)	(3.282)	(378)	88%	114.604	299
Uppgjör sveitarfélaga vegna skólakostn.	M2208	247.946		63.230	(184.716)	(154.000)	30.716	120%	(154.000)	(166.579)
Sálfræðiþjónusta skóla	M2219									1.258
Skólasafnamiðstöð	M2220		18.993	3.134	22.127	21.078	(1.049)	105%	21.000	24.237
Sameiginleg tölvuþjónusta	M2221	2.843	43.906	154.620	195.682	167.713	(27.969)	117%	94.189	182.250
Réttindagreiðslur vegna tölvuforrita	M2222			34.115	34.115	50.200	16.085	68%	50.200	42.975
Skólaakstur	M2223			138.660	138.660	136.200	(2.460)	102%	136.200	94.286
Sameiginleg þjónusta grunnskóla	M2224	1.857	15.627	284.236	298.006	344.450	46.444	87%	448.572	108.226
Kostnaður vegna meiðsla skólabarna	M2227			774	774	2.000	1.226	39%	2.000	673
Þjónustu- og rekstrarsvið	M2230			154.838	154.838	154.838		100%	154.838	145.812
Kannanir	M2270			5.630	5.630	8.400	2.770	67%	8.400	3.577
Símenntun	M2272	1.895	29.294	35.557	62.956	71.888	8.932	88%	71.888	69.108
	MSV5	983.911	111.380	1.302.538	430.007	664.598	234.591	65%	1.553.355	242.462



Rekstur Menntasviðs 2008 frh.

	Kostn. st.	Tekjur	Laun og launat. gjöld	Annar rekstrar- kostn.	Rekstrar- niður- staða	Esk. áætlun tímabils	Frávik tímabils	Hlutf. af Esk. áætl. tímabils	Áætlun 2008	Rekstar- niðurst. 2007
Listaskólar og skólahljómsveitir:										
Skólahljómsveit Vesturbæjar	M3002	1.526	32.855	5.654	36.982	36.269	(713)	102%	30.162	29.109
Skólahljómsveit Austurbæjar	M3003	1.814	32.756	2.602	33.544	31.284	(2.260)	107%	29.130	30.119
Skólahljómsveit Árb. og Breiðholts	M3004	889	27.640	1.557	28.308	27.827	(481)	102%	27.577	26.327
Skólahljómsveit Grafarvogs	M3005	1.435	27.455	7.972	33.992	33.510	(482)	101%	29.377	23.572
Tónlistarskólar	M3100		6.644	882.982	889.625	896.395	6.770	99%	902.039	818.451
Tónlistarsk. Kjalarness	M3201	590	10.029	479	9.918	8.801	(1.117)	113%	8.800	8.326
Tónlistarsk. Foldaskóla	M3202									3.871
Myndlistask. í Reykjav.	M3203			12.618	12.618	15.204	2.586	83%	15.204	
	MSV6	6.254	137.377	913.863	1.044.986	1.049.290	4.304	100%	1.042.289	939.774
Fullorðinsfræðsla:										
Námsflokkar Reykjav.	M4001	22.629	36.694	41.150	55.215	57.627	2.412	96%	57.571	45.654
	MSV7	22.629	36.694	41.150	55.215	57.627	2.412	96%	57.571	45.654
Styrkir til menntamála:										
Styrkir til fræðslumála og þróunarsjóður	M5001			43.552	43.552	44.300	748	98%	44.300	52.938
	MSV8			43.552	43.552	44.300	748	98%	44.300	52.938
Annað:										
Framlög til framh.sk.	M6000					267.500	267.500	0%	347.500	61.997
Hlutdeild í sameiginl. kostnaði (MSR)	M9000			9.950	9.950	12.724	2.774	78%	12.724	17.380
Stofnframkvæmdir Framkvæmdasviðs	M9980			2.934	2.934		(2.934)			911
Innri leiga áhalda og tækja	M9998			91.918	91.918	83.993	(7.925)	109%	83.993	49.359
	MSV9			104.803	104.803	364.217	259.414	29%	444.217	129.647
Menntasvið samtals		1.762.365	10.904.636	7.422.392	16.564.663	16.830.268	265.605	98%	16.125.538	14.361.318

8

Útgáfur árið 2008

Viðhorf foreldra til skólastarfs í grunnskólum – heildarskýrsla.

Skýrsla um niðurstöður könnunar og samanburður við fyrri mælingar.
Tölfræði- og rannsóknþjónusta Menntasviðs.

Hvað segja foreldrar um skólastarf? Niðurstöður rýnihópa vor 2007.

Höfundar skýrslu: Ásgeir Björgvinsson og Hildur Björk Svavarsdóttir.

Lesskimun í 2. bekk í grunnskólum Reykjavíkur vorið 2008.

Höfundar skýrslu: Ásgeir Björgvinsson, Birna Sigurjónsdóttir og Guðrún Edda Bentsdóttir.

Niðurstöður Talnalykils í 3. bekk í grunnskólum Reykjavíkur haustið 2007.

Höfundar skýrslu: Ásgeir Björgvinsson, Guðrún Edda Bentsdóttir og Hildur Björk Svavarsdóttir.

Greining á starfi: Skólaliðar í grunnskólum Reykjavíkur.

Höfundar skýrslu: Ásgeir Björgvinsson og Hildur Björk Svavarsdóttir.

Handbók: Móttaka innflytjenda í grunnskóla Reykjavíkur.

Unnið af starfshópi sem endurskoðaði útgáfu rits sem unnið var af Friðbjörgu Ingimarsdóttur og Birnu Sigurjónsdóttur og gefið var út af Fræðslumiðstöð Reykjavíkur 2003.

Skólahljómsveitir í Reykjavík: Kynningarbæklingur.


Árleg kynning á starfsemi skólahljómsveitanna í Reykjavík.

Starfsáætlun Menntasviðs 2008.

Unnin af ritstjórn starfsáætlunar í samstarfi við fjölmarga aðila.

Ársskýrsla Menntasviðs 2007.

Ritstjórn: Sigrún Björnsdóttir.



9

Yfirlit yfir grunnskóla Reykjavíkur 2008-2009

Skóli	Heimilisfang	Vefsíða	Staður
Austurbæjarskóli	v/Vitastíg	austurbaejarskoli.is	101 Reykjavík
Álftamýrarskóli	Álftamýri 79	alfto.is	108 Reykjavík
Árbæjarskóli	v/Rofabæ	arbaejarskoli.is	110 Reykjavík
Ártúnsskóli	Árkvörn 6	artunsskoli.is	110 Reykjavík
Borgaskóli	Vættaborgum 9	borgaskoli.is	112 Reykjavík
Breiðagerðisskóli	v/Breiðagerði	breidagerdisaskoli.is	108 Reykjavík
Breiðholtsskóli	Arnarbakka 1-3	breidholtsskoli.is	109 Reykjavík
Brúarskóli	Vesturhlíð 3	bruarskoli.is	105 Reykjavík
Engjaskóli	Vallengi 14	engjaskoli.is	112 Reykjavík
Fellaskóli	Norðurfelli 17-19	fellaskoli.is	111 Reykjavík
Foldaskóli	Logafold 1	foldaskoli.is	112 Reykjavík
Fossvogsskóli	Haðalandi 26	fossvogsskoli.is	108 Reykjavík
Grandaskóli	v/Keilugranda	grandaskoli.is	107 Reykjavík
Hagaskóli	Fornhaga 1	hagaskoli.is	107 Reykjavík
Hamraskóli	Dyrhómrúm 9	hamraskoli.is	112 Reykjavík
Háteigsskóli	v/Háteigsveg	hateigsskoli.is	105 Reykjavík
Hlíðaskóli	Hamrahlíð 2	hlidaskoli.is	105 Reykjavík
Hólabrekkuskóli	Suðurrhólum 10	holabrekkuskoli.is	111 Reykjavík
Húsaskóli	v/Dalhús	husaskoli.is	112 Reykjavík
Hvassaleitisskóli	v/Stóragerði	hvassaleitisskoli.is	108 Reykjavík
Ingunnarskóli	Mariubaugi 1	ingunnarskoli.is	113 Reykjavík
Klébergsskóli	Kjalarnesi,	klebergsskoli.is	116 Reykjavík
Korpuskóli	v/Korpúlfsstaðaveg	korpuskoli.is	112 Reykjavík
Langholtsskóli	Holtavegi 23	langholtsskoli.is	104 Reykjavík
Laugalækjarskóli	v/Laugalæk	laugalaekjarskoli.is	105 Reykjavík
Laugarnesskóli	Kirkjuteigi 24	laugarnesskoli.is	105 Reykjavík
Melaskóli	v/Furumel	melaskoli.is	107 Reykjavík
Norðlingaskóli	Árvaði 3	nordlingaskoli.is	110 Reykjavík
Réttarholtsskóli	v/Réttarholtsveg	www.retto.is	108 Reykjavík
Rimaskóli	Rósarima 11	rimaskoli.is	112 Reykjavík
Safamýrarskóli	Safamýri 5	safamyrarskoli.is	108 Reykjavík
Selásskóli	v/Selásbraut	selasskoli.is	110 Reykjavík
Seljaskóli	Kleifarseli 28	seljaskoli.is	109 Reykjavík
Sæmundarskóli	Gvendargeisla 168	saemundarskoli.is	113 Reykjavík
Vesturbæjarskóli	Sólvallagötu 67	vesturbaejarskoli.is	101 Reykjavík
Víkurskóli	v/Hamravík	vikurskoli.is	112 Reykjavík
Vogaskóli	v/Ferjuvog	vogaskoli.is	104 Reykjavík
Ölduselsskóli	Ölduseli 17	oldusel.is	109 Reykjavík
Öskjuhlíðarskóli	Suðurhlíð 9	oskuhlidarskoli.is	105 Reykjavík





Reykjavíkurborg

Menntasvið | Fríkirkjuvegi 1 | 101 Reykjavík | Sími 411 1111 | menntasvid@reykjavik.is | www.menntasvid.is

